



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2015/16



Starfsárið

2015/16







# 2015

Ágúst / September

Fim. 3. sept. | Fös. 4. sept. » 19:30 Bls. 18

## Uppáhaldsaríur Kristins

**W.A. Mozart, Gioacchino Rossini og Giuseppe Verdi**  
Ariur, kórar og forleikir úr *Brúðkaupi Figarós*,  
*Rakaranum í Sevilla*, *Valdi örlaganna*, *Nabucco* og  
*feiri óperum*

**Rico Saccani** stjórnandi  
**Kristinn Sigmundsson** einsöngvari

Tónleikakynning » 18:00

Fim. 10. sept. » 19:30 Bls. 19

## Argunnur spilar Mozart

**Jórunn Viðar Eldur**  
**W.A. Mozart** Klarínettkonsert  
**Robert Schumann** Sinfónía nr. 1, Vorsinfónían

**Cornelius Meister** hljómsveitarstjóri  
**Argunnur Árnadóttir** einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Fös. 11. sept. » 12:10 Bls. 19

## Hádegistónleikar í Flóa

**W.A. Mozart** Klarínettkonsert

**Cornelius Meister** hljómsveitarstjóri  
**Argunnur Árnadóttir** einleikari

Fim. 17. sept. » 19:30 Bls. 20

## Mozart og Beethoven

**W.A. Mozart** Don Giovanni forleikur  
**W.A. Mozart** Píanókonsert í A-dúr K. 488  
**Ludwig van Beethoven** Egmont, forleikur  
**Ludwig van Beethoven** Sinfónía nr. 8

**Matthew Halls** hljómsveitarstjóri  
**Robert Levin** einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Lau. 26. sept. » 14:00 Bls. 20

## Maxímús heimsækir hljómsveitina

Í þessari fjöregu sögu um *Maxa er hlustandinn*  
leiddur inn í töfraheima tónlistarinnar í orði og tónum  
og kynnist þannig heillandi heimi sinfóníuhljómsveit-  
arinnar á einstæðan hátt.

**Hallfríður Ólafsdóttir** hljómsveitarstjóri  
**Valur Freyr Einarsson** sögumaður

Október

Fim. 1. okt. » 19:30 Bls. 21

## Póra og Ashkenazy

**Carl Nielsen** Sinfónía nr. 6, „Sinfonia semplice“  
**Jean Sibelius** Luonnotar  
**Johannes Brahms** Sinfónía nr. 2

**Vladimir Ashkenazy** hljómsveitarstjóri  
**Póra Einarsdóttir** einsöngvari

Sun. 4. okt. » 17:00 Bls. 21

## Ungsveitin leikur Shostakovitsj

**Dmitrij Shostakovitsj** Sinfónía nr. 10

**Eivind Aadland** hljómsveitarstjóri

Tónleikakynning » 18:00

Fim. 8. okt. » 19:30 Bls. 22

## Víkingur leikur Skrjabín

**Ludwig van Beethoven** Coriolan-forleikur  
**Alexander Skrjabín** Píanókonsert  
**Franz Schubert** Sinfónía nr. 9

**Eivind Aadland** hljómsveitarstjóri  
**Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Lau. 10. okt. » 11:30 Bls. 23

## Barnastund Sinfóníunnar

Mið. 14. okt. » 12:10 Bls. 23

## Hádegistónleikar

**Charles Gounod** Petite symphonie  
**Pjotr Tsjajkovskij** Serenada fyrir strengi

Fim. 22. okt. » 19:30 Bls. 23

## Uppáhalds Rússar

**Modest Músorgskij** Nótt á nornagnípu  
**Sergej Prokofjev** Píanókonsert nr. 3  
**Pjotr Tsjajkovskij** Sinfónía nr. 5

**Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri  
**Behzod Abduraimov** einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Mán. 26. - .29. okt. Bls. 24

## Landshorna á milli

**Daniel Bjarnason** Blow Bright  
**W.A. Mozart** Klarínettkonsert  
**Pjotr Tsjajkovskij** Sinfónía nr. 4

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Argunnur Árnadóttir** einleikari

Nóvember / Desember

Fös. 6. nóv. » 20:00 Bls. 25

## John Grant og Sinfó á Iceland Airwaves

**John Grant**  
**Christopher Guest** hljómsveitarstjóri

Fim. 12. nóv. » 19:30 Bls. 25

## Baiba spilar Beethoven

**Ludwig van Beethoven** Fiðlukonsert  
**Maurice Ravel** Alborada del gracioso  
**Maurice Ravel** Gæsamömmusvita  
**Maurice Ravel** La valse

**Eivind Aadland** hljómsveitarstjóri  
**Baiba Skride** einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Fim. 26. nóv. » 19:30 Bls. 26

## Daníel og Debussy

**Claude Debussy** Forleikur að Síðdegi skógarpúkans  
**György Ligeti** Lontano  
**Daniel Bjarnason** Collider  
**Gustav Mahler** Kindertotenlieder  
**Claude Debussy** La mer

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Ólafur Kjartan Sigurðarson** einsöngvari

Tónleikakynning » 18:00

Fim. 3. des. » 19:30 Bls. 26

## Aðventutónleikar Sinfóníunnar

**Johann Sebastian Bach** Sinfóníur  
úr kantötum nr. 52, 156 og 174  
**Antonio Vivaldi** Veturinn úr Árstiðunum fjórum  
**Johann Sebastian Bach** Fiðlukonsert í E-dúr  
**Georg Friedrich Händel** Vatnatónlistin  
**Wolfgang Amadeus Mozart** Sinfónía nr. 35, Haffner

**Matthew Halls** hljómsveitarstjóri  
**Elfa Rún Kristinsdóttir** einleikari

Lau. 12. des. » 14:00 » 16:00 Bls. 27

Sun. 13. des. » 14:00

## Jólatónleikar Sinfóníunnar

Á Jólatónleikunum er hátíðleikinn í fyrirrúmi þar  
sem úrval innlendra og erlendra jólalaga verða flutt  
sem koma öllum í sannkallað hátíðarskap.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri  
**Trúðurinn Barbara** sögumaður

**Disella Lárusdóttir** og  
**Kolbrún Völkudóttir** einsöngvarar  
**Ungir** einleikarar



# 2016

## Janúar

Fim. 7. jan. | Fös. 8. jan. » 19:30 Blis. 28  
Lau. 9. jan. » 16:00 » 19:30

### Vínartónleikar

**Óperettutónlist og valsar eftir Johann Strauss, Franz Lehár og Franz von Suppé, m.a. úr**

**Leðurblökunni og Kátu ekkjunn.**

**Ola Rudner** hljómsveitarstjóri  
**Guðrún Ingimarsdóttir** og  
**Elmar Gilbertsson** einsöngvarar

Fim. 14. jan. » 19:30 Blis. 29

### Ungir einleikarar

**Efnisskrá kynnt síðar**

**Daniel Raikin** hljómsveitarstjóri  
**Sigurveggar** úr einleikarakeppni Sinfóníuhljóm-  
sveitar Íslands og Listaháskóla Íslands

Fim. 21. jan. » 19:30 Blis. 29

### Osmo og Mahler

**Jón Leifs** Þrjú óhlutræn málverk  
**Jean Sibelius** Fiðlukonsert  
**Gustav Mahler** Sinfónía nr. 1

**Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri  
**Esther Yoo** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

Fim. 28. jan. » 19:30 Blis. 30

### Melkorka og Víkingur

**Áskell Másson** Gullský  
**Haukur Tómasson** Strati  
**Rolf Wallin** Act  
**Þórður Magnússon** Píanókonsert

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Melkorka Ólafsdóttir** og  
**Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikarar

## Febrúar

Lau. 6. feb. » 14:00 Blis. 30

### Vísindatónleikar Ævars

**Ævar vísindamaður kynnir til leiks ýmsar af merkari uppgötvunum mannsandans í samhljómi við Sinfóníuhljómsveitina. Glæsileg tónlist og myndbrot spanna tækniframfarir allt frá upphafi til framtíðar.**

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri  
**Ævar Þór Benediktsson** kynnir

Fim. 11. feb. » 19:30 Blis. 31

### Leningrad-sinfónían

**Pjotr Tsjajkovskij** Píanókonsert nr. 1 (upprunaleg gerð)  
**Dmítrij Shostakovitsj** Sinfónía nr. 7,  
Leningrad-sinfónían

**James Gaffigan** hljómsveitarstjóri  
**Kirill Gerstein** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

Fim. 18. feb. » 19:30 Blis. 32

### Barton syngur Brahms

**Franz Schubert** Rósamunda, forleikur  
**Johannes Brahms** Alt-rapsódía  
**Anton Bruckner** Sinfónía nr. 5

**Hannu Lintu** hljómsveitarstjóri  
**Jamie Barton** einsöngvari  
**Karlakórinn Fóstbræður**

**Tónleikakynning** » 18:00

Lau. 20. feb. » 11:30 Blis. 32

### Barnastund Sinfóníunnar

## Mars

Fim. 3. mars » 19:30 Blis. 33

### Arvo Pärt og Hamrahlíðarkórarnir

**Arvo Pärt** Cantus in memoriam Benjamin Britten  
**Arvo Pärt** Te Deum  
**Henryk Mikołaj Górecki** Sinfónía nr. 3

**Tönu Kaljuste** hljómsveitarstjóri  
**Hallveig Rúnarsdóttir** einsöngvari  
**Hamrahlíðarkórarnir**

**Tónleikakynning** » 18:00

Fös. 4. mars » 18:00 Blis. 33

### Föstudagsröðin – meistarar laglínunnar

**Arvo Pärt** Spiegel im Spiegel  
**Pjotr Tsjajkovskij** Sinfónía nr. 4

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Nicola Lolli** fiðla  
**Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanó

Fim. 10. mars » 19:30 Blis. 34

### Rakhmanínov og Beethoven

**Jean Sibelius** Ofviðrið, svíta nr. 2  
**Sergej Rakhmanínov** Píanókonsert nr. 1  
**Ludwig van Beethoven** Sinfónía nr. 1

**Dima Slobodeniouk** hljómsveitarstjóri  
**Alexander Romanovsky** einleikari

Fim. 17. mars » 20:00 Blis. 34

### Kvikmyndatónleikar

**Jóhann Jóhannsson:** Tónlist úr *The Theory of Everything* og *Prisoners*  
**Jonny Greenwood:** Tónlist úr *There Will Be Blood*  
**Mica Levi:** Tónlist úr *Under the Skin*  
auk kvikmyndatónlistar eftir *John Williams*

**Adrian Prabava** hljómsveitarstjóri

## Apríl

Fös. 1. apr. » 18:00

Bls. 35

### Föstudagsröðin – Hafid, hafið...

**Maurice Ravel** *Jeux d'eau*  
**Töru Takemitsu** *Toward the Sea*  
**Claude Debussy** *La mer*

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Birna Hallgrímsdóttir** píanó  
**Melkorka Ólafsdóttir** altflauta  
**Katie Buckley** harpa

## Maí

Fös. 6. maí » 18:00

Bls. 37

### Föstudagsröðin – tímamótaárið 1910

**Claude Debussy** *Prelúdíur fyrir píanó*  
**Anton Webern** *Fjórir þættir fyrir fiðlu og píanó*  
**Igor Stravinskij** *Eldfuglinn*

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Sif Tulinius** fiðla  
**Anna Guðný Guðmundsdóttir** piano

## Júní

Fim. 2. jún. » 19:30

Bls. 40

### Rússnesk veisla

**Sergej Prokofjev** *Sinfónía nr. 1, „Klassíska sinfónían“*  
**Aleksandr Glazúnov** *Fiðlukonsert*  
**Dmitrij Shostakovitsj** *Sinfónía nr. 1*

**Gennadij Rozhdestvenskij** hljómsveitarstjóri  
**Sasha Rozhdestvenskij** einleikari  
**Tónleikakynning** » 18:00

Fim. 7. apr. » 19:30

Bls. 35

### Ravel og Dvořák

**Maurice Ravel** *Rhapsodie espagnole*  
**Jacques Ibert** *Flautukonsert*  
**Antonin Dvořák** *Sinfónía nr. 8*

**Antonio Méndez** hljómsveitarstjóri  
**Emilía Rós Sigfúsdóttir** einleikari  
**Tónleikakynning** » 18:00

Lau. 7. maí » 14:00

Bls. 37

### Ævintýrið um Eldfuglinn

**Á þessum kraftmiklu tónleikum segir Barbara trúður tónleikagestum frá Eldfuglinum sem birtist í öllu sínu veldi, leyndarmálum skógarins og gulleplunum.**

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Trúðurinn Barbara** sögumaður

Fim. 9. jún. » 19:30

Bls. 40

### Himnasælusinfónían

**Rolf Martinsson** *Ich denke dein...*  
**Gustav Mahler** *Sinfónía nr. 4*

**Antonello Manacorda** hljómsveitarstjóri  
**Lisa Larsson** einsöngvari  
**Tónleikakynning** » 18:00

Mið. 13. apr. » 18:00

Bls. 36

### Yrkja – uppskerutónleikar

**Verk eftir Gunnar Karel Músson, Halldór Smáráson, Þórunni Grétu Sigurðardóttur.**

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri

Fim. 12. maí » 19:30

Bls. 38

### Rhapsody in Blue

**Leonard Bernstein** *Candide, forleikur*  
**Leonard Bernstein** *Þrír dansþættir úr On the Town*  
**George Gershwin** *Rhapsody in Blue*  
**Samuel Barber** *Adagio fyrir strengi*  
**Aaron Copland** *Appalachian Spring, svíta*

**JoAnn Falletta** hljómsveitarstjóri  
**Orion Weiss** einleikari  
**Tónleikakynning** » 18:00

Fim. 28. apr. » 19:30

Bls. 36

### Osborne leikur Shostakovitsj

**Jón Nordal** *Choralis*  
**Dmitrij Shostakovitsj** *Píanókonsert nr. 2*  
**Béla Bartók** *Rúmenskir þjóddansar*  
**Witold Lutosławski** *Konsert fyrir hljómsveit*

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Steven Osborne** einleikari  
**Tónleikakynning** » 18:00

Fim. 19. maí » 20:00

Bls. 38

### Emiliana Torrini og Sinfó

**Á tónleikunum hljómar úrval bestu laga af vinsælum diskum Emilíönu Torrini auk þess sem hún syngur Gollum's Song úr kvikmyndinni Hringadróttins sögu.**

**Emiliana Torrini**  
**Hugh Brant** hljómsveitarstjóri

Mið. 25. maí » 19:30

Bls. 39

### Ashkenazy-feðgar á Listahátíð

**Pjotr Tsajkovskij** *Rómeó og Júlía*  
**Rögvaldur Sigurjónsson** *Píanókonsert*  
**Ludwig van Beethoven** *Sinfónía nr. 6, Sveitasinfónían*

**Vladimir Ashkenazy** hljómsveitarstjóri  
**Vovka Ashkenazy** einleikari





# Listin er manninum lífsnauðsynleg



Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð 1950, sex árum eftir stofnun hins íslenska lýðveldis, sama ár og Þjóðleikhúsið var vígt. Ráðamenn og konur þessa tíma voru metnaðarfull og stórhuga fyrir hönd þjóðarinnar og skildu mikilvægi lista og menningar í mótun samfélagsins. Á þessum 65 árum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands orðið ein af grunnstöðum íslensks menningarlífs og vakið alþjóðlega athygli. Hljómsveitin laðar til sín hljómsveitarstjóra og einleikara á heimsmælikvarða sem sækjast eftir því að starfa með henni við þær kjöraðstæður sem eru í Hörpu. Síðasta starfsár hófst í Royal Albert Hall á hinni heimspektu tónlistarhátíð BBC Proms en þeir tónleikar voru valdir einir athyglisverðustu tónleikar hátíðarinnar 2014 af breskum tónlistargagnrýnendum.

Starfsemi hljómsveitarinnar snertir stóran hluta þjóðarinnar. Á síðasta ári sóttu 76.500 manns tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands eða um fjórðungur landsmanna fyrir utan þá sem hlusta á beinar útsendingar frá tónleikum á Rás 1 eða horfa á sjónvarpsútsendingar. Það sem einkennir Sinfóníuhljómsveit Íslands og greinir hana frá öðrum erlendum sinfóníuhljómsveitum er hversu breitt starfssvið okkar er. Sem þjóðarhljómsveit setjum við á okkur ólíka hatta eftir því hvert tilefnið er. Við leikum brothættan Händel, ljúfan Mozart, kraftmikinn Beethoven, þéttofinn Brahms, margslunginn og ægífragran Tsjajkovskíj og byltingarkenndan Shostakovítsj. Við bjóðum jafnframt upp á barnastundir fyrir yngri börnin, bíótónleika, opið hús og fjölskyldutónleika þar sem trúðurinn Barbara opnar heim tónlistarinnar fyrir börnum og fullorðnum af sinni alkunnu snilld. Hljómsveitin hefur hins vegar líka verið óhrædd við að spreyta sig á þungarokki og glamúrpoppi ef því er að skipta, flutt óperur og staðið fyrir nútímatónlistarhátíðinni Tectonics svo fátt eitt sé nefnt.

Markmið hljómsveitarinnar er að ná stöðugt til stærri og breiðari hóps áheyrenda. Á næsta starfsári leggjum við land undir fót og höldum tónleika á Ísafirði, Akureyri og á Egilsstöðum. Síðustu misseri hefur stöðugt meiri áhersla verið lögð á fræðslustarf og nú er svo komið að hljómsveitin ver nær fjórðungi tíma síns í fræðsluverkefni og skólatónleika á hverju starfsári. Á síðasta ári lék hljómsveitin fyrir um 16.000 nemendur í Eldborg. Verkefnin eru ólík og af ýmsum toga, allt frá skólaheimsóknum þar sem

hljómsveitinni er skipt upp í minni sveitir, sem ferðast um höfuðborgarsvæðið, í að starfrækja Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem heldur árlega tónleika í Eldborg. Með því að opna hug og eyru barna fyrir sinfónískri tónlist opinberast heimur sem annars væri þeim hulinn. Stór sinfónísk tónverk eru slík andans verk að helst má líkja við stórvirki á borð við kirkju Gaudis, La Sagrada Família, í Barcelona eða myndlist Michelangelos í lofti Sixtínsku kapellunnar í Vatíkaninu. Hugsmiðar tónskáldanna lyfta mannsandnum og koma okkur í snertingu við eitthvað sem er stærra og meira en við sjálf. Til að fá notið þess andlega fódurs ætti hverju barni á Íslandi að standa tónlistarnám eða annað listnám til boða. Það eru sjálfsögd réttindi.

Listin er manninum lífsnauðsynleg og það sem greinir okkur frá öðru lífi á jörðinni. Það var listin sem hélt lífi í forfeðrum okkar hér á norðurhvara veraldar í gegnum vosbúð aldanna, og gerir enn. Þessi tjáning tilfinninga tengir manneskjurnar og hjálpar okkur að skilja hvert annað og okkur sjálf betur. Það er sú tjáning sem mótar menningu og sjálfsmynd þjóðar og þar hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands leikið lykilhlutverk síðustu 65 ár. Við fögnum áfanganum, hlökkum til að starfa áfram í þágu þjóðarinnar og vonumst til að sjá sem flesta á tónleikum hljómsveitarinnar á komandi starfsári.

**Arna Kristín Einarsdóttir**  
framkvæmdastjóri

# Fjölbreytt og spennandi starfsár



Enn sem fyrr kennir margra grasa í efnisvali Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitin er sameign þjóðarinnar og segja má að í verkefnavali hennar sé tvennt einkum haft að leiðarljósi: fjölbreytni og gæði. Hljómsveitin flytur tónlist af ýmsum toga og nær þannig til margra ólíkra hópa hlustenda, en um leið er hvergi slakað á listrænum kröfum. Þannig heldur hljómsveitin áfram að vaxa og sinnir um leið meginhlutverki sínu – að skapa ógleymanlega listræna upplifun.

Starfsárið 2015–2016 er því blanda af gömlu og nýju, innlendu og erlendu. Við tökumst á við tónverk sem eru með því áhrifamesta sem samið hefur verið fyrir hljómsveit, til dæmis *Leníngrad*-sinfóníu Shostakovitsj undir stjórn James Gaffigan. Þá mun Osmo Vänskä

stjórna sinfóníu nr. 1 eftir Mahler, sem er lykilverk í sögu sinfónískrar tónlistar. En við hugum líka að því sem smærra er. Á aðventu-tónleikum hljóma hátíðlegir barokktónar eftir Bach og Händel, auk þess sem Mozart og Beethoven verða í sviðsljósinu með hinum afburðasnjalla Robert Levin.

Þeir gestir sem Sinfóníuhljómsveitin kallar til liðs við sig á þessu ári eru sannarlega í fremstu röð meðal listamanna heimsins. Af hljóðfæraleikurum má nefna fiðlusnillinginn Baibu Skride og píanistana Behzod Abdumairov og Kirill Gerstein, sem *New York Times* kallaði nýverið „stórfenglega hæfileikaríkan“. Af söngvurum má nefna hina dásamlegu Jamie Barton, sem á næstunni mun syngja *Alt-rapsódíu* Brahms, bæði hér á landi og á Proms-tónlistarhátíðinni í Royal Albert Hall.

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar verða vitaskuld einnig í sviðsljósinu. Þar má nefna Elfu Rún Kristinsdóttur sem leikur tónlist barokktímans af innsæi sem fáum er gefið. Einnig koma fram Arngunnur Árnadóttir, Emilía Rós Sigfúsdóttir og Melkorka Ólafsdóttir, auk þess sem Víkingur Heiðar Ólafsson leikur tvo konserta með hljómsveitinni. Þá syngur Kristinn Sigmundsson úrval af eftirlætisárum sínum og Hallveig Rúnarsdóttir fer með ljóðrænt einsöngshlutverkið í angurværri sinfóníu Góreckis.

Sinfóníuhljómsveitin er einnig vettvangur fyrir nýja íslenska tónsköpun. Á árinu verða flutt tvö tónverk Daníels Bjarnasonar sem vakið hafa verðskuldaða athygli víða um

heim, en einnig hljóma í fyrsta sinn nýir einleikskonsertar eftir Áskel Másson og Þórð Magnússon. Þá taka þrjú ung tónskáld þátt í Yrkju, vinnustofu sem hljómsveitin efnir til í samstarfi við Íslenska tónverkamiðstöð. Á efnisskrá vetrarins er einnig að finna „sígild“ íslensk hljómsveitarverk eftir Jóranni Viðar, Jón Nordal og Jón Leifs, auk þess sem frumfluttur verður konsert sem píanósnillingurinn Rögnvaldur Sigurjónsson samdi fyrir áratugum síðan.

En það eru ekki aðeins hin dæmigerðu sinfónísku tónverk sem fá að hljóma í Eldborg. Sinfóníuhljómsveitin efnir til tónleika með tveimur söngstjörnum, John Grant og Emilíönu Torrini, og á kvikmyndatónleikum verður Jóhann Jóhannsson í forgrunni. Vorið 2016 verður síðan ýtt úr vör nýrri tónleikaröð í umsjá Daníels Bjarnasonar, þar sem áhuga-verðar samsetningar tónverka hljóma á styttri tónleikum í Norðurljósum.

Það er því deginum ljósara að blásið verður til sinfónískrar veislu í Hörpu svo að segja í hverri viku á komandi starfsári. Tónleikagestir mega eiga von á stórkostlegri upplifun, og við hlökkum til að sjá ykkur sem oftast.

**Árni Heimir Ingólfsson**  
listrænn ráðgjafi





# Regnbogakort og námsmannaafsláttur

## Settu saman þína tónleikaröð með 20%-50% afslætti

Með Regnbogakorti getur þú valið þá tónleika sem höfða helst til þín af öllum tónleikum starfsársins og tryggir þér gott sæti með 20% afslætti. Hægt er að kaupa Regnbogakort með í það minnsta fernum tónleikum eða fleiri, eftir því sem best hentar.

## Tveir frábærir kostir fyrir ungt fólk og námsmenn

**Öruggt sæti á hálfvirði í áskrift** Ungu fólki, 25 ára og yngra, gefst tækifæri á að kaupa Regnbogakort með 50% afslætti á verðsvæði 2 og 3 í Eldborg. Regnbogakortið er góður kostur fyrir þá sem vilja tryggja sér öruggt sæti á uppáhalds tónleikana sína á góðu verði.

Hægt er að velja úr öllum tónleikum starfsársins og tryggja sér helmingsafslátt.

**Gott sæti á góðu verði – á síðustu stundu** Nú býður Sinfóníuhljóm-sveitin námsmönnum yngri en 25 ára nýjan möguleika til að njóta sífóníutónleika, Skólakortið. Eftir að hafa sótt Skólakortið í miðasölu Hörpu geta handhafar þess keypt miða á tónleikadegi á almenna tónleika Sinfóníunnar á 1.700 kr. Hægt er að kaupa miða hvar sem er í salnum á þessu verði, allt eftir því hvað er laust.

## Nokkrar skemmtilegar tillögur að Regnbogakorti:

### Stórbrotið og spennandi

Ómissandi á Regnbogakort þeirra sem vilja stórbrötna og kröftuga sífóníutónleika:

**Baiba spilar Beethoven** 12.11.15  
**Daníel og Debussy** 26.11.15  
**Osmo og Mahler** 21.01.16  
**Leningrad-sinfónían** 11.02.16  
**Barton syngur Brahms** 18.02.16  
**Föstudagsröðin** 06.05.16  
**Rússnesk veisla** 02.06.16  
**Himnasælusinfónían** 09.06.16

### Sólistar í fremstu röð

Enginn verður svikinn af því að setja þessa snillinga á Regnbogakortið sitt:

**Arngunnur Árnadóttir** 10.09.15  
**Robert Levin** 17.09.15  
**Víkingur Heiðar Ólafsson** 08.10.15  
**Behzod Abduraimov** 22.10.15  
**Baiba Skride** 12.11.15  
**Alexander Romanovsky** 10.03.16  
**Steven Osborne** 28.04.16

### Söngvaraveisla

Fyrir þá sem hafa yndi af frábærum söng gæti Regnbogakortið litið svona út:

**Uppáhaldsariur Kristins** 03./04.09.15  
**Þóra og Ashkenazy** 02.10.15  
**Daníel og Debussy** 26.11.15  
**Barton syngur Brahms** 18.02.16  
**Arvo Pärt og Hamrahlíðarkórarnir** 03.03.16  
**Himnasælusinfónían** 09.06.16

### Létt og skemmtilegt

John Grant, Emiliana Torrini, Vínartónleikar, einmitt það sem þarf með á Regnbogakortið til að auka á fjölbreytileikann:

**John Grant og Sinfó á Iceland Airwaves** 06.11.15  
**Aðventutónleikar Sinfóníunnar** 03.12.15  
**Vínartónleikar** 07./08./09.01.16  
**Kvikmyndatónleikar – Jóhann Jóhannsson** 14.03.16  
**Rhapsody in Blue** 12.05.16  
**Emiliana Torrini og Sinfó** 19.05.16

Miðasala í Hörpu [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) / 528 5050

# Áskriftarkort

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og góðan afslátt – og drífa sig af stað!

Áskrift veitir þér 20–30% afslátt af tónleikum í hverri röð og er jafnframt hvatning til að sækja tónleika reglulega. Áskrifandi biður ekki í röð í miðasölu fyrir tónleika, hann gengur alltaf að sæti sínu vísu og á forkaupsrétt á sætinu þegar áskrift er endurnýjuð.

Hægt er að borga með léttgreiðslum og jafnframt fá áskrifendur 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika og 15% afslátt í verslun 12 Tóna.

- Ein áskrift veitir 20% afslátt.
- Tvær áskriftarraðir, t.d. Gul og Rauð, veita 25% afslátt.
- Þrjár áskriftarraðir, Gul, Rauð og Græn, veita 30% afslátt.
- Afsláttur er af almennu miðaverði.

Upplýsingar um verð og sætaskipan er að finna á bls. 42-43.

## Fimm fjölbreyttar tónleikaraðir:

### Gula röðin

Afbragðskostur fyrir þá sem vilja heyra fjölbreytilega klassíska tónlist.

**Arngunnur spilar Mozart** 10.09.15

**Víkingur leikur Skrjabín** 08.10.15

**Daniel og Debussy** 26.11.15

**Barton syngur Brahms** 18.02.16

**Rakhmanínov og Beethoven** 10.03.16

**Ravel og Dvořák** 07.04.16

**Himnasælusinfónían** 09.06.16

### Rauða röðin

Fyrir þá sem vilja hlusta á stóra símfóníuhljómsveit í öllu sínu veldi leika kröftuga og áhrifamikla tónlist.

**Uppáhaldsáriur Kristins** 03.09.15

**Þóra og Ashkenazy** 01.10.15

**Baiba spilar Beethoven** 12.11.15

**Osmo og Mahler** 21.01.16

**Leningrad-sinfónían** 11.02.16

**Osborne leikur Shostakovitsj** 28.04.16

**Rússnesk veisla** 02.06.16

### Græna röðin

Þeir sem hafa gaman af vinsælli klassík af léttara taginu ættu að kynna sér Grænu röðina.

**Mozart og Beethoven** 17.09.15

**Uppáhalds Rússar** 22.10.15

**Vínartónleikar** 7.01.16

**Arvo Pärt og Hamrahlíðarkórarnir** 03.03.16

**Rhapsody in Blue** 12.05.16

### Litli tónsprotinn

Áskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem yngstu tónlistarunnendurnir fá tækifæri til að kynnast töfrum tónlistarinnar.

**Maxímús heimsækir hljómsveitina** 26.09.15

**Jólatónleikar Sinfóníunnar** 12.12.15

**Vísindatónleikar Ævars** 06.02.16

**Ævintýrið um Eldfuglinn** 07.05.16

### Föstudagsröðin

Er ný tónleikaröð þar sem Daniel Bjarnason teflir saman hljómsveitarverki og einleiksverki á klukkustundarlöngum tónleikum sem hefjast kl. 18.

**Meistarar laglínunnar** 04.03.16

**Hafið, hafið...** 01.04.16

**Tímamótaárið 1910** 06.05.16

Í Hörpu virka daga kl. 9-18 og um helgar kl. 10-18. midasala@harpa.is / www.sinfonia.is / www.harpa.is  
**Endurnýjun og sala nýrra áskriftar- og Regnbogakorta hefst 10. júní. Almenn miðasala hefst 16. júní.**



## Daníel Bjarnason staðarlistamaður

Daníel Bjarnason er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir margbættu hlutverki sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim fyrir tónsmíðar sínar og unnið með fjölda hljómsveita. Þar má nefna Los Angeles Philharmonic, New York Philharmonic, Toronto Symphony Orchestra og BBC Scottish Symphony Orchestra.

Framundan eru mörg spennandi verkefni og mun Daníel stjórna Sinfóníuhljómsveitinni á fjölda tónleika á starfsárinu og fer með hljómsveitina í tónleikferð um landið í október. Hljómsveitin flytur nokkur verka Daníels á starfsárinu, meðal annars nýtt verk sem frumflutt var í Bandaríkjunum í mars síðastliðnum af Cincinnati Symphony Orchestra. Þá stýrir Daníel tónskáldastofu fyrir ung tónskáld og er listrænn stjórnandi nýrrar tónleikaraðar.


## Tónskáldastofa – Yrkja

Sinfóníuhljómsveitin og Tónverkamiðstöðin bjóða þremur tónskáldum að verja níu mánuðum með hljómsveitinni þar sem þau munu þróa færni sína í að skrifa fyrir hljómsveit og frumflytja ný verk. Tónskáldin fá innsýn í innra starf hljómsveitarinnar og vinna náið með hljóðfæraleikurunum undir handleiðslu Daníels Bjarnasonar. Áhersla er lögð á ferli listsköpunar og eru þátttakendur hvattir til að þróa hugmyndir sínar og aðferðir við sköpun. Þetta níu mánaða ferli mun meðal annars fela í sér tvær tónskáldastofur og uppskerutónleika með Sinfóníuhljómsveitinni 13. apríl.

## Ný föstudagsröð

Á vormánuðum hefur göngu sína ný og fersk tónleikaröð í Norðurljósum þar sem Daníel Bjarnason teflir saman Sinfóníunni með fullvaxta hljómsveitarverk og einleiksverk sem þó eiga sitt hvað sameiginlegt. Tónleikarnir sem eru aðeins klukkustundarlangir og hefjast kl. 18 eru bæði tilvalinn upptaktur að skemmtilegu föstudagskvöldi eða lokahnykkur á vinnuvikunni. Miðaverði er stillt í hóf og hægt er að kaupa alla tónleikana saman í áskriftarkorti eða velja þá á Regnbogakort. Á undan tónleikunum gefst gestum tækifæri á að safnast saman í Hörpu á sérstöku „happy hour“.






## Osmo Vänskä aðalgestastjórnandi

Finnski hljómveitarstjórinn Osmo Vänskä gegnir stöðu aðalgestastjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands og mun hann stýra tvennum tónleikum á starfsárinu. Í október stjórnar hann tónleikum með verkum þriggja rússneskra meistara og í janúar stígur hann á pall og stýrir fyrstu sífóníu Mahlers. Túlkun Vänskä á þriðju sífóníu Mahlers var einn af hápunktum Listahátíðar í Reykjavík 2014.

Vänskä hefur stjórnað öllum helstu hljómveitum heims og hefur verið aðalstjórnandi Minnesota-hljómsveitarinnar frá árinu 2003. Árið 2014 hlaut hann og Minnesota-hljómsveitin Grammy-verðlaun fyrir hljóðritun sína á sífóníu Sibeliusar. Vänskä er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur enda var hann aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar árin 1993–1996. Frá árinu 2010 hefur Vänskä komið hingað til lands árlega og er það mat manna að hljómveitin hljómi sjaldan betur en undir hans stjórn.



## Vinafélag Sinfóníunnar

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands er öflugur vettvangur fyrir þá sem láta sig starfsemi hljómveitarinnar miklu varða. Félagið hefur í gegnum tíðina staðið fyrir tónleikakynningum, fyrirlestrum og málþingum um sígilda tónlist og hefur einnig styrkt fjárhagslega ákveðin verkefni tengd hljómveitinni. Starfsemi félagsins hefur mælst afar vel fyrir.


Sinfóníuhljómsveit Íslands býður vinum sínum á tónleika Ungsveitar SÍ og eina opna æfingu á starfsárinu. Allir geta orðið meðlimir í Vinafélaginu og hægt er að skrá sig á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) eða í miðasölu Hörpu. Árgjaldið er 3.500 krónur.

## Sjónvarpstónleikar

Á nýju starfsári býðst landsmönnum áskrift að beinum útsendingum frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Sjónvarpi Símans. Valdir tónleikar á starfsárinu verða sendir beint út og geta notendur keypt áskrift. Lögð er áhersla á gæði í hljóð og mynd sem skilar upplifuninni sem best heim í stofu.

Sala áskrifta að Sjónvarpstónleikum Sinfóníunnar hefst 4. ágúst í þjónustuveri Símans og verslunum.

[www.sinfonia.is/sjonvarp](http://www.sinfonia.is/sjonvarp)


 Tónleikarnir verða í beinni útsendingu í Sjónvarpi Símans



## Í beinni á Rás 1

Saga Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins er samofin og í áratugi hafa hlustendur Rásar 1 um allt land, og í seinni tíð á netinu um allan heim, getað hlustað á tónleika hljómsveitarinnar í beinni útsendingu á Rás 1. Mikil áhersla er lögð á vandaða dagskrárgerð og eru nær allir tónleikar Sinfóníunnar sendir út. Á undan útsendingum geta hlustendur Rásar 1 fræðst um tónlistina og listamennina í þættinum *Á leið í tónleikasal* og í hléi er fræðandi og skemmtileg dagskrá.

Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum og *Á leið í tónleikasal* í Sarpinum á [ruv.is](http://ruv.is).

 Tónleikarnir verða í beinni útsendingu á Rás 1

 Tónleikarnir verða hljóðritaðir og sendir út síðar á Rás 1



## Öll tónlistin á einum stað

Sinfóníuhljómsveitin er með sérstaka rás á tónlistarveitunni Spotify. Þar er m.a. að finna lagalista tónleikaraða starfsársins þar sem hægt er að hlusta á sérvaldar upptökur af þeim verkum sem eru á efnisskrá. Hér er því um að ræða auðveldu og skemmtilega leið til að undirbúa sig fyrir tónleika eða njóta góðrar tónlistar með úrvals flytjendum.

Auk þess geyma lagalista Sinfóníunnar skemmtilegar upptökur með einleikum og hljómsveitarstjórum sem heimsækja hljómsveitina, tónlist fyrir börn, íslenska tónlist fyrir hljómsveit auk tónlistar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur hljóðritað og gefið út.







## Beethoven 101 í ágúst

Ludwig van Beethoven er tvímælalaust eitt mesta tónskáld allra tíma og eru sífónísk tónverk hans meginstoðir í starfi hverrar hljómsveitar. Á komandi starfsári flytur Sífóníuhljómsveit Íslands þrjár sífóníur Beethovens, fiðlukonsert og tvo hljómsveitarforleiki.

Til að hita upp fyrir átökin heldur Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur og listrænn ráðgjafi Sífóníuhljómsveitarinnar erindi í Kaldalóni mánudagskvöldið 31. ágúst kl. 20 þar sem hann stiklar á stóru í ævi og tónlist meistarans í tali og tónum. Þetta er tilvalið tækifæri fyrir þá sem vilja kynna sér Beethoven betur, sem og klassíska tónlist yfirleitt.

**Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.**

## Tónleikakynningar

Vínafélag Sífóníuhljómsveitar Íslands, í samvinnu við Sífóníuhljómsveitina, býður upp á fimmtán tónleikakynningar í Hörpuhorni á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 18:00 og gefst gestum tækifæri til að sitja í fallegu umhverfi og kaupa veitingar frá Smurstöðinni. Sjálf kynningin hefst kl. 18:20 og stendur í hálf tíma.

Tónleikakynningarnar eru höndum Árna Heimis Ingólfssonar, listræns ráðgjafa hljómsveitarinnar, Hjördísar Ástráðsdóttur, fræðslustjóra SÍ og Sigurðar Ingva Snorrasonar, klarínettuleikara.

**Tónleikakynningarnar eru haldnar í Hörpuhorninu á 2. hæð fyrir framan Eldborg.**



## Opnar æfingar

Sífóníuhljómsveitin opnar dyrnar að lokaæfingum á tónleikadegi allra áskriftartónleika í gulri, grænni og rauðri röð á nýju starfsári. Hægt verður að kaupa aðgang að æfingunum í miðasölu Hörpu og á vef Sífóníunnar. Lokaæfingin hefst kl. 9.30 en aðgangur er takmarkaður við ákveðin sæti í Eldborg. Opnar æfingar eru tilvalið tækifæri til að dýpka upplifun og skilning á tónlistinni sem flutt er síðar á tónleikum um kvöldið.

[www.sinfonia.is/aefingar](http://www.sinfonia.is/aefingar)



## Öflugt fræðslustarf

Öflugt og fjölbætt fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar og hefur verið allt frá stofnun hennar. Fræðslustarfið er í stöðugri framþróun þar sem áhersla er lögð á gæði, fjölbreytileika og samstarf.

Skólatónleikar, skólaheimsóknir og leiðsögn nemendahópa er fastur liður í starfsemi hljómsveitarinnar sem einnig starfar að langtíma verkefnum með ungu fólki, bæði einleikurum og hljóðfærahópum. Hljómsveitin leggur ríka áherslu á að vera í góðum tengslum við samfélagið og heimsækir bæði stofnanir og vinnustaði og hefur átt farsælt samstarf við eldri borgara um langt skeið. Nánari upplýsingar er að finna á bls. 41.



## Nýjar hljóðritanir SÍ

Sinfóníuhljómsveit Íslands gefur reglulega út hljóðritanir, m.a. á vegum útgáfufyrirtækjanna BIS, Chandos og Naxos. Nýlega kom út hljómdiskur með verkum Vincents d'Indy hjá Chandos sem er síðastur í röð sex diska með öllum hljómsveitarverkum hans. Fyrsti diskurinn í þeirri röð var tilnefndur til Grammy-verðlauna árið 2009. Á nýju starfsári koma út tveir nýir hljómdiskar, annarsvegar með leik hljómsveitarinnar og Sigrúnar Eðvaldsdóttur og hinsvegar nýr diskur með hátíðlegri jólatónlist í flutningi SÍ. Jón Nordal fagnar níræðisafmæli sínu á næsta ári og af því tilefni mun hljómsveitin, í samstarfi við Ríkisútvarpið og útgáfufyrirtækið Ondine, hljóðrita úrval hljómsveitarverka hans til útgáfu. Hljómsveitarstjóri verður Johannes Gustavsson. Diskurinn kemur út næsta vor.



## Skólakortið

Námsmenn yngri en 25 ára eiga nú kost á frábæru tilboði til að njóta tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar. Námsmenn ná sér í Skólakort Sinfóníunnar í miðasölu Hörpu með því að framvísa sínu nemendakorti og geta með því keypt miða á tónleikadegi á alla almenna tónleika Sinfóníunnar á aðeins 1.700 kr. Hægt er að kaupa miða á Skólakortskjörum hvar sem er í salnum, allt eftir því hvað er laust. Það er ekki hægt að láta svona kostakjör renna sér úr greipum.





## Opið hús á Menningarnótt 22. ágúst

Á Menningarnótt í Reykjavík býður Sinfóníuhljómsveit Íslands á tvenna tónleika. Ókeypís er á tónleikana og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Boðið verður upp á barnatónleika með tónlistarævintýrinu um *Tobba túbu* þar sem sögumaður er trúðurinn Barbara og einleikari á túbu Nimrod Ron. Á síðari efnisskránni verða sérvaldir gullmolar sem hafa gert garðinn frægan á hvíta tjaldinu. Hægt verður að sækja aðgöngumiða í miðasölu á tónleikadegi.

### Tobbi túba » 15:00

Tónlistarævintýrið um *Tobba túbu* hefur notið mikilla vinsælda allt frá útgáfu þess árið 1945. Í ævintýrinu um Tobba segir frá hugrakkri túbu sem þráir það heitast að fá að leika fallegar laglínur rétt eins og flauturnar og fiðlurnar í hljómsveitinni. Ævintýrið um túbuna er margrómað og hefur verið gefið út á fjölda tungumála. Tónleikarnir eru um það bil hálf tími að lengd.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Trúðurinn Barbara** sögumaður

**Nimrod Ron** einleikari

**George Kleinsinger** Tobbi túba

### Uppistand með Sinfóníunni » 17:00

Það verður sankallað uppistand hjá Sinfóníunni þegar Ari Eldjárn stígur á svið með hljómsveitinni. Athyglinni er beint að glæsilegri klassískri hljómsveitartónlist sem hljómað hefur í mörgum af vinsælustu kvikmyndum sögunnar. Má þar nefna tónlistina úr 7. Sinfóníu Beethovens sem flutt var í *The King's Speech*, danstónlist eftir *Offenbach* úr *Rauðu myllunni* og ægífagrau kafla úr *Enigma*-tilbrigðunum eftir Elgar sem hljómaði í *Elizabeth: The Golden Age*. Ari Eldjárn hefur um árabílað hláturtaugar landans með leiftrandi framkomu og skörpum spegli á samtímann. Tónleikarnir eru klukkustundarlangir.

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri

**Ari Eldjárn** kynnrir





Fim. 3. sept. » 19:30  
Fös. 4. sept. » 19:30

**W.A. Mozart, Gioacchino Rossini og Giuseppe Verdi**  
**Ariur, kórar og forleikir úr Brúðkaupi Figarós, Rakaranum í Sevilla, Valdi örlaganna, Nabucco og fleiri óperum**

**Rico Saccani** stjórnandi  
**Kristinn Sigmundsson** einsöngvari

**Óperukórinn í Reykjavík**  
**Garðar Cortes** kórstjóri

**Tónleikakynning** » 18:00

## Uppáhaldsáriur Kristins



Kristinn Sigmundsson er einn ástsælasti söngvari íslensku þjóðarinnar fyrr og síðar og stendur nú á hátindi ferils síns. Hann hefur sungið í mörgum af helstu óperuhúsum heims og nægir þar að nefna La Scala í Mílanó, Ríkisóperuna í Vínborg, Þjóðaróperuhúsin í París, Metropolitan-óperuna í New York og San Francisco-óperuna. Þá hefur hann tekið þátt í nokkrum hljóðritunum með erlendum hljómsveitum, m.a. *Töfraflautunni* og *Don Giovanni* með hljómsveit Drottningholm-óperunnar, *Mattheusarpassíu* og *Jóhannesarpassíu* Bachs með Orchestra of the Eighteenth Century og *Rakaranum í Sevilla* með Útvarpshljómsveitinni í München.

Undanfarna mánuði hefur Kristinn sungið í *The Ghosts of Versailles* eftir John Corigliano, *Brúðkaupi Figarós* og *Rakaranum í Sevilla* í óperunni í Los Angeles.

Á liðnu hausti steig Kristinn á svið Íslensku óperunnar eftir tólf ára hlé og fór eftirminni-lega með eitt völdugasta bassahlutverk óperusögunnar, Filippus konung og föður Don Carlo í samnefndri óperu.

Á upphafstónleikum starfsársins syngur Kristinn áriur úr nokkrum af upphalds-óperum sínum. Meðal annars bregður hann sér í hlutverk Don Basilio í *Rakaranum frá Sevilla* eftir Rossini, greifans í *Brúðkaupi Figarós* eftir Mozart, Bancos úr *Macbeth* og Sakaríasar í *Nabucco* eftir Verdi.

Óperukórinn í Reykjavík verður Kristni til halds og trausts á tónleikunum en stjórnandi er fyrrum aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Rico Saccani, sem er annálaður túlkandi óperutónlistar.



Fim. 10. sept. » 19:30

**Jórunn Viðar Eldur**  
**W.A. Mozart Klarínettkonsert**  
**Robert Schumann Sinfónía nr. 1, Vorsinfónían**

**Cornelius Meister** hljómveitarstjóri  
**Arngunnur Árnadóttir** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

## Arngunnur spilar Mozart

(B)

Yndisfagur klarínettkonsert Mozarts var eitt hans síðasta verk, saminn fáeinum vikum áður en hann lést, langt fyrir aldur fram. Hér hljómar hann í flutningi Arngunnar Árnadóttur sem tók við stöðu leiðandi klarínettleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2012. Arngunnur stundaði framhaldsnám við Hochschule für Musik „Hanns Eisler“ í Berlín og brautskráðist þaðan með hæstu einkunn.

Schumann samdi *Vorsinfóníu* sína í bráðainnblaestri árið 1841, á aðeins fjórum dögum – og jafnmörgum nóttum. Hún er eitt hans dádasta verk enda lífleg með eindæmum. *Eldur* Jórunnar Viðar er tímamótaverk – fyrsta hljómveitarverk íslensks kventónskálds. Þýski stjórnandinn Cornelius Meister er aðalstjórnandi Útvarpshljómsveitarinnar í Vínarborg og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir starf sitt þar.

Fös. 11. sept. » 12:10

**W.A. Mozart Klarínettkonsert**

**Cornelius Meister** hljómveitarstjóri  
**Arngunnur Árnadóttir** einleikari

## Hádegistónleikar í Flóa

Á hádegistónleikum Sinfóníunnar í Flóa verður fluttur klarínettkonsert Mozarts, sem er eitt dádasta verk meistarans og eitt það síðasta sem hann lauk við áður en hann lést síðla árs 1791. Um nálgun Mozarts sagði tónlistarfræðingurinn Alfred Einstein – frændi Alberts – að hann hefði „samið fyrir klarínnett eins og hann væri fyrstur til að uppgötva

þokka þess, mýkt, sætleika og fimi.“ Tónlistin er ýmist leikandi létt eða ljúf og innileg, og tilvalin til að hlýða á í hádeginu í túlkun Arngunnar Árnadóttur, leiðandi klarínettleikara Sí.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.





Fim. 17. sept. » 19:30

**W.A. Mozart** *Don Giovanni, forleikur*  
**W.A. Mozart** *Píanókonsert í A-dúr*  
**Ludwig van Beethoven** *Egmont, forleikur*  
**Ludwig van Beethoven** *Sinfónía nr. 8*

**Matthew Halls** hljómsveitarstjóri  
**Robert Levin** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

## Mozart og Beethoven



Vínarmeistararnir Mozart og Beethoven deila þessari efnisskrá þar sem hljóma nokkur þeirra dádustu verka. Píanókonsertinn í A-dúr er einn þeirra sem Mozart samdi þegar hann stóð á hátindi ferils síns um 1785, og er ljóðrænt og geislandi verk sem ekki hefur heyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands um langt árabíl. Áttunda sinfónía Beethovens er ekki eins stór í sniðum og sum önnur verk hans í sömu grein, en býr þó yfir bæði krafti og gáska.

Robert Levin er einn helsti sérfræðingur samtímans í tónlist Mozarts og Beethovens. Það er ekki síst óvenjulegt við flutning hans að hann spinnur „kadensur“ píanókonsertanna af fingrum fram rétt eins og tíðkaðist á tímum Mozarts. Breski hljómsveitarstjórinn Matthew Halls hóf feril sinn sem sembal-leikari og hefur afburða skilning á tónlist klassíska skeiðsins, eins og hann hefur meðal annars sýnt með starfi sínu með Sinfóníuhljómsveit Íslands undanfarin ár.



Lau. 26. sept. » 14:00

### LITLI TÓNSPROTINN

**Hallfríður Ólafsdóttir**  
**Þórarinn Már Baldursson** *Maxímús Músíkús*  
*heimsækir hljómsveitina*  
**Maurice Ravel** *Bóleró*  
**Ludwig van Beethoven** úr *Órlagasinfóníunni*  
**Aaron Copland** *Hátíðargjall*  
**Sigvaldi Kaldalóns** *Á Sprengisandi*  
**Hallfríður Ólafsdóttir** *Lagid hans Maxa*

**Hallfríður Ólafsdóttir** hljómsveitarstjóri  
**Valur Freyr Einarsson** sögumaður

## Maxímús heimsækir hljómsveitina



Ævintýrin um Maxa hafa notið fádæma vinsælda og er þessi tónelska mús orðin heimilisvinur fjölda barna á Íslandi og í mörgum löndum Evrópu, Asíu og Ameríku. Nú þegar fjórar bækur hafa verið gefnar út með músinni er komið að sjálfu upphafsævintýrinu á nýjan leik þar sem Maxi heimsækir Sinfóníuhljómsveitina. Á þessum fjöregu tónleikum er hlustandinn leiddur inn í töfraheim tónlistarinnar þar sem hljóðfærin eru kynnt hvert af öðru og ungum hlustendum fylgt inn

í heillandi heim hljómsveitarinnar eftir því sem ævintýrum Maxa vindur fram. Verndari verkefnisins um Maxímús Músíkús er Vladimir Ashkenazy, heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Myndum Þórarins Más Baldurssonar úr ævintýrinu er varpað upp meðan á tónleikunum stendur.

Nemendur úr Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts leika skemmtilega göngutónlist á undan tónleikunum.



Fim. 1. okt. » 19:30

**Carl Nielsen** *Sinfónía nr. 6, „Sinfonia semplice“*  
**Jean Sibelius** *Luonnotar*  
**Johannes Brahms** *Sinfónía nr. 2*

**Vladimir Ashkenazy** hljómveitarstjóri  
**Póra Einarsdóttir** einsöngvari

## Póra og Ashkenazy



Sinfóníuhljómsveitin fagnar áfram stórafmælisári þeirra Niensens og Sibeliusar með tónleikum þar sem Vladimir Ashkenazy heldur um tónsprotann. *Luonnotar* er óvenjulegt meistaraverk við erindi úr þjóðkvæðabálkinum Kalevala þar sem segir frá sköpun heimsins. Gyðjan Luonnotar stígur niður úr híbýlum guðanna og skapar jörðina og himnana. Í sjöttu og síðustu sífóníu sinni fetar Nielsen braut einfaldleikans af mikilli snilld,

en björt og ljúf hljómkviða Brahms er eitt hans vinsælasta verk.

Póru Einarsdóttur þarf vart að kynna fyrir tónlistarunnendum; hún kom síðast fram með Sinfóníuhljómsveitinni í *Kullervo* eftir Sibelius fyrr á þessu ári og vakti verðskuldaða aðdáun fyrir túlkun sína á aðalhlutverkinu í óperunni *Ragnheiði*.



Sun. 4. okt. » 17:00

**Dmítrij Shostakovitsj** *Sinfónía nr. 10*

**Ungsveit Sí**  
**Eivind Aadland** hljómveitarstjóri

## Ungsveitin leikur Shostakovitsj



Eitt mikilvægasta hlutverk sífóníuhljómsveita um allan heim er að miðla þekkingu sinni og áhuga til nýrra kynslóða hljóðfærarleikara. Frá árinu 2009 hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman árlega undir merkjum Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og náð undraverðum árangri. Nú stjórnar Eivind Aadland hljómveitinni í fyrsta sinn, en hann hefur fyrir löngu skapað sér nafn hér á landi með störfum sínum með Sí.

Tíunda sífónía Shostakovitsj er magnþrungin verk, samið skömmu eftir lát Jósefs Stalín sem oft hafði horn í síðu tónskáldsins. Verkið er á köflum innhverft og hæglátt en annars staðar brýst fram kaldhæðni og jafnvel heift. Enda er haft eftir Shostakovitsj á einum stað að sífónían sé um Stalín tímann og að brjálæðislegur annar þátturinn sé „mynd af Stalín í tónum“.

Ungsveitin er hluti af metnaðarfullu fræðslustarfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.



Fim. 8. okt. » 19:30

**Ludwig van Beethoven** *Coriolan, forleikur*  
**Alexander Skrjabin** *Píanókoncert*  
**Franz Schubert** *Sinfónía nr. 9*

**Eivind Aadland** *hljósveitarstjóri*  
**Víkingur Heiðar Ólafsson** *einleikari*

**Tónleikakynning** » 18:00

## Víkingur leikur Skrjabín



Víkingur Heiðar er ókrýndur íslenskur stórmeistari slaghörpunnar sem með leik sínum snertir alla sem á hlýða. Það er engin tilviljun að nú í ár var hann í fjórða sinn valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaunum og sérstaklega tekið fram að það hafi verið fyrir flutning á fyrsta píanókonerti Beethovens með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Nú flytur Víkingur sjaldheyrðan konsert Rússans Alexanders Skrjabín og hefur þetta að segja um verkið: „Að stíga inn í tónheim Skrjabíns er að leika sér að eldinum. Píanókoncertinn er meistaraverk, hvernig sem á það er litið, og sætir furðu að hann hljómi jafn sjaldan í tónleikasölum heimsins og raun ber vitni. Það er gleðiefni fyrir mig að fá að leika hann á Íslandi á 100 ára ártíð tónskáldsins.“

Einnig hljóma á tónleikunum tvö verk eftir vel kunna meistara. Ludwig van Beethoven samdi *Coriolan*-forleikinn undir áhrifum frá samnefndu leikriti Heinrichs von Collin. Leikritið er löngu gleymt en hádramatísk tónsmíð Beethovens lifir góðu lífi. Franz Schubert varð ekki langlífur en arfleiddi heimsbyggðina að verðmætum sem mölur og ryð fá ekki grandað. Ein skærasta perlan í safninu er hin stóra sífónía nr. 9 í C-dúr, sem var öllum gleymd þar til Robert Schumann komst yfir handritið og sá til þess að hún var flutt í fyrsta sinn.

Norski hljómsveitarstjórinn Eivind Aadland er einn virtasti hljómsveitarstjóri Noregs og hefur undanfarin ár verið vinsæll fastagestur á tónleikum Sinfóníunnar.



Lau. 10. okt. » 11:30

## Barnastund Sinfóníunnar

Í þessari Barnastund má heyra fyrsta þáttinn úr *Eine kleine Nachtmusik* eftir Mozart ásamt úrvali léttra og skemmtilegra laga.

Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Kynnir í Barnastundinni er Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri Sinfóníunnar, en Sigrún Eðvaldsdóttir konsertmeistari leiðir Sinfóníu-

hljómsveitina af sinni alkunnu snilld. Sérstakur gestur verður Maxímús Músíkús.

Barnastundin er hálf tíma löng og fer fram í Hörpuhorni á 2. hæð, framan við Eldborg. Gott er að taka með sér púða til að sitja á.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Mið. 14. okt. » 12:10

**Charles Gounod** *Petite symphonie*  
**Pjotr Tsjajkovskij** *Serenada fyrir strengi*

## Hádegistónleikar


Ljúfir tónar frá meisturum 19. aldar hljóma á þessum hádegistónleikum í Flóa þar sem tréblásara- og strengjadeildir Sinfóníuhljóm- sveitarinnar láta ljós sitt skína.

Franska tónskáldið Charles Gounod er í dag kunnast fyrir að hafa samið *Ave Maria* út frá prelúdíu Bachs, en hann var afkastamikill höfundur og samdi meðal annars óperur, sínfóníur og kirkjutónlist. „Litla sínfónía“ hans fyrir blásarasveit – flautu, tvö óbó, tvö klar-

ínnett, tvö horn og tvö fagott – er yndisfögur og sýnir hæfileika óperuskáldsins til að semja lagræna og aðgengilega tónlist.

Serenada Tsjajkovskijs er eitt af meistara- verkum hans, ljúf og fjörug tónsmíð þar sem samhljómur strengjasveitarinnar nýtur sín til fulls. Vinsælastur er annar þátturinn, hugljúfur vals sem hefur hrifið hlustendur um allan heim.

Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



Fim. 22. okt. » 19:30

**Modest Músorgskij** *Nótt á nornagnípu*  
**Sergej Prokofjev** *Píanókonsert nr. 3*  
**Pjotr Tsjajkovskij** *Sínfónía nr. 5*

**Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri  
**Behzod Abduraimov** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

## Uppáhalds Rússar



Prokofjev var í sumarleyfi í Frakklandi þegar hann lauk við smíði þriðja píanókonsertsins. Í áratug hafði hann sankað að sér hugmynd- um fyrir konsertinn sem er meðal vinsælustu verka tónskáldsins þótt fyrstu viðbrögð áheyrenda hafi valdið tónskáldinu vonbrigð- um. Þriðji píanókonsertinn er fastagestur á tónleikadagskrám hjá Behzod Abduraimov en árið 2009 vann hann fyrstu verðlaun í Alþjóðlegu píanókeppninni í London aðeins

18 ára að aldri og hlaut skömmu síðar útgáfu- samning hjá hinu virta forlagi Decca. „Er hann hinn nýi Horowitz?“ mátti lesa í tónlistarrýni *The Independent*.

*Nótt á nornagnípu* eftir Músorgskij og fimmta sínfónía Tsjajkovskijs eru meðal myndræn-ustu og mögnuðustu verka meistaranna þar sem öfl hins illa og örlög eru megin viðfangs- efnið.





26. – 29. október

**Daniel Bjarnason** *Blow Bright*  
**W.A. Mozart** *Klarínettkonsert*  
**Pjotr Tsjaikovskij** *Sinfónía nr. 4*

**Daniel Bjarnason** *hljósveitarstjóri*  
**Arngunnur Árnadóttir** *einleikari*

## Landshorna á milli

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur nú í tónleikaferð landshorna á milli með glæsilega dagskrá í farteskinu. Hljómsveitarstjórn og tónskáldið Daníel Bjarnason stjórnar meðal annars eigin verki sem var frumflutt af Fílharmóníuhljómsveitinni í Los Angeles undir stjórn Gustavos Dudamel síðla árs 2013 og vakti mikla athygli. Einnig hljómar eitt allra fegursta tónverk sögunnar, hinn undurfagri klarínettkonsert Mozarts í flutningi eins okkar fremsta tónlistarmanns af yngri kynslóðinni, Arngunnar Árnadóttur. Tónleikunum lýkur á stórbrotinni og hádramatískri sífóníu Tsjaikovskíjs sem var samin á miklu erfiðleikaskiði í lífi hans árið 1877.

Sinfóníuhljómsveitin gegnir mikilvægu starfi sem hljómsveit allra landsmanna og því er það fagnaðarefni að hún haldi nú í ferð landshorna á milli. Það er Flugfélag Íslands sem ljær hljómsveitinni vængi á ferðalaginu.

Í för með Sinfóníuhljómsveitinni verður músin knáa Maxímús Músíkús en sívinsælt

ævintýrið um Maxa og hljómsveitina verður á dagskrá á skólatónleikum Sinfóníunnar í ferðinni. Í þessari fjöru sögu eru yngstu hlustendurnir leiddir inn í töfraheim klassískrar tónlistar þar sem hljóðfæri hljómsveitarinnar eru kynnt til leiks eitt af öðru. Ævintýrin fjögur um Maxa hafa notið fádæma vinsælda hér heima fyrir og erlendis en bækurnar um músina hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál. Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari, höfundar ævintýranna um Maxímús Músíkús, eru bæði fastráðnir hljóðfæraleikarar við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

**Mán. 26. okt. » 20:00 – Ísafjörður**  
**Íþróttahúsið Torfnesi**

**Þri. 27. okt. » 18:00 – Akureyri**  
**Menningarhúsið Hof**

**Fim. 29. okt » 18:00 – Egilsstaðir**  
**Íþróttamiðstöðin Tjarnarbraut**



Fös. 6. nóv. » 20:00

**John Grant**  
**Christopher Guest** hljómsveitarstjóri

## John Grant og Sinfó á Iceland Airwaves

Á Airwaves-tónleikum Sinfóníunnar í ár kemur hljómsveitin fram ásamt bandaríska söngvaranum John Grant sem var tilnefndur til BRIT-verðlaunanna árið 2014 sem besti alþjóðlegi karlsöngvarinn. Haustið 2014 ferðaðist hann um England með Royal Northern Sinfonia og tónleikaupptaka hans með BBC Philharmonic Orchestra hefur hlotið lof víða um heim. Það er því gleðiefni að geta boðið fjölmörgum aðdáendum hans á Íslandi að

njóta laga hans í sinfónískum búningi á þessum stórtónleikum.

John Grant er búsettur á Íslandi: „I love it – landslagið er svo öðruvísi – það er eins og nakin og köld Hawaiiþýja og ég hef aldrei kynnst jafn friðsömu fólki. Heimurinn er fjandsamlegur staður þar sem ég reyni að brjótast út úr eigin skel en mér finnst að hér gæti ég orðið hluti af samfélaginu. Þetta er staður þar sem ég get verið ég sjálfur.“

ICELAND  
AIRWAVES



Fim. 12. nóv. » 19:30

**Ludwig van Beethoven** *Fíðlukonsert*  
**Maurice Ravel** *Alborada del gracioso*  
**Maurice Ravel** *Gæsamömmusvíta*  
**Maurice Ravel** *La valse*

**Eivind Aadland** hljómsveitarstjóri  
**Baiba Skride** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

## Baiba spilar Beethoven



Lettneski fiðluleikarinn Baiba Skride er ein af hinum stóru fiðlustjörnum samtímans. Hún hrepti fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth-keppninni árið 2001 og tímaritið *The Strad* sagði hana „einn mest spennandi fiðluleikara sem komið hefur fram á sjónarsviðið síðan Itzhak Perlman hóf feril sinn“. Hún hefur hljóðritað fjölda geisladiska sem hlotið hafa alþjóðleg verðlaun. Nýjasti diskur hennar var tilnefndur til *BBC Music*-verðlaunanna fyrr

á þessu ári auk þess sem gagnrýnandi *The Telegraph* kallaði hann „ómíssandi“.

Á efmisskránni er einn ástsælasti fiðlukonsert allra tíma, meistaraverk Beethovens sem sameinar gáska og ljóðrænu. Þrjú hljómsveitarverk Ravels hljóma einnig á tónleikunum, meðal annars litrík ævintýratónlistin við *Gæsamömmu* og hið magnþrungna *La valse* sem er eins konar svar tónskáldsins við ögn og örvæntingu fyrri heimsstyrjaldarinnar.



Fim. 26. nóv. » 19:30

**Claude Debussy** *Forleikur að Síðdegi skógarpúkans*

**György Ligeti** *Lontano*

**Daníel Bjarnason** *Collider*

**Gustav Mahler** *Kindertotenlieder*

**Claude Debussy** *La mer*

**Daníel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Ólafur Kjartan Sigurðarson** einsöngvari

**Tónleikakynning** » 18:00

## Daníel og Debussy



Nýtt hljómsveitarverk Daníels Bjarnasonar, *Collider*, dregur nafn sitt af stóra sterkeinda-hraðlinum í rannsóknamiðstöðinni CERN og var frumflutt af Sinfóníuhljómsveitinni í Cincinnati í mars síðastliðnum. Þar vakti það mikla hrifningu og einn gagnrýnandi kallaði það „heillandi ferðalag í tíma og rúmi“.

Forleikur að *Síðdegi skógarpúkans* boðaði nýja tíma í tónlistarsögunni og er hann ásamt *La mer* meðal vinsælustu verka Debussys.

György Ligeti opnaði nýjan hljóðheim með tímamótaverkinu *Lontano* og heillaði m.a. Stanley Kubrick sem notaði tónlist Ligetis í nokkrum kvikmynda sinna.

Barítónsöngvarinn Ólafur Kjartan söng sig inn í hjörtu tónleikagesta á tónleikum Sinfóníunnar í fyrra. Nú túlkar hann tregafulla söngva Mahlers við ljóð eftir þýska skáldið Friedrich Rückert, sem hann orti eftir að börn hans tvö létust af skarlatssótt.



Fim. 3. des. » 19:30

## Aðventutónleikar Sinfóníunnar



**Johann Sebastian Bach** *Sinfóníur úr kantötum nr. 52, 156 og 174*

**Antonio Vivaldi** *Veturinn úr Árstíðunum fjórum*

**Johann Sebastian Bach** *Fiðlukonsert í E-dúr*

**Georg Friedrich Händel** *Vatnatónlistin*

**Wolfgang Amadeus Mozart** *Sinfónía nr. 35, Haffner*

**Matthew Halls** hljómsveitarstjóri  
**Elfa Rún Kristinsdóttir** einleikari

Einleikari á Aðventutónleikunum er Elfa Rún Kristinsdóttir sem hefur vakið verðskuldaða athygli víða um heim og var nýverið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Elfa Rún flytur glæsilegan *Fiðlukonsert* í E-dúr eftir Bach og *Veturinn úr Árstíðum* Vivaldis. Svíta úr tilkomumikilli *Vatnatónlist* Händels og hátíðleg *Haffner*-sinfónía Mozarts ásamt sinfóníum Bachs, sem stjórnandi tónleikanna hefur valið sérstaklega fyrir viðburðinn, eru einnig á þessari hrifandi efnisskrá.

Matthew Halls stjórnar Sinfóníuhljóm-sveitinni í þriðja sinn á aðventutónleikum en túlkun hans hefur ávallt vakið mikla hrifningu áheyrenda. Nú mætir hann með fjölbreytta og áferðafallega barokktónlist í farteskinu sem á sér fastan sess á aðventutónleikum hljómsveita víða um veröld.

Þessir tónleikar láta engan ósnortinn og koma öllum í sannkallað hátíðarskap í upphafi aðventu.





Lau. 12. des. » 14:00 » 16:00  
 Sun. 13. des. » 14:00

#### LITLI TÓNSPROTINN

**Leroy Anderson** *Jólaforleikur*  
**Ingibjörg Þorbergs** *Hin fyrstu jól*  
**Hrafnkell Orri Egilsson** *Hátíðarsyrpa*  
**Georg Friedrich Händel** *Gledileg jól*  
**Émile Waldteufel** *Skautavalsinn*  
**R. & K. A. Lopez** *Viltu koma og gera snjókarl?*  
**Ronan Hardiman** *Lávarður dansins*  
**Sigvaldi Kaldalóns** *Nóttin var sú ágæt ein*  
**Franz Gruber** *Heims um ból*

**Bernharður Wilkinson** *hljómsveitarstjóri*  
**Trúðurinn Barbara** *sögumaður*  
**Dísella Lárusdóttir** og **Kolbrún Völkudóttir**  
*einsöngvarar*  
**Ungir einleikarar**

Kórar úr Langholtskirkju, táknaáskórinn Litlu sprotarnir, Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjaneshæjar, Nemendur úr Listdanskóla Íslands, fiðluhópur Lilju Hjaltadóttur.

## Jólatónleikar Sinfóníunnar



Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa notið gífurlegra vinsælda og eru fastur liður í jólahaldi margra fjölskyldna. Hér er hátíðleikinn í fyrirrúmi og fluttar eru sígildar og heillandi jólaperlur. Ungir einleikarar koma fram í gullfallegu lagi Ingibjargar Þorbergs, *Hin fyrstu jól*, og nemendur Listdanskóla Íslands svífa um svið Eldborgar í *Skautavalsinum* eftir Émile Waldteufel. Framúrskarandi fiðluleikarar leggja Sinfóníuhljómsveitinni lið í flutningi *Lávarði dansins* og Bjöllukór

Tónlistarskóla Reykjaneshæjar hringir inn jólin. Einsöngvarar jólatónleikanna, Dísella Lárusdóttir og Kolbrún Völkudóttir ásamt kórum úr Langholtskirkju og táknaáskórnum Litlu sprotunum, flytja úrval innlendra og erlendra jólalaga sem koma öllum í sannkallað hátíðarskap. Barbara trúður kynnir tónleikana af sinni alkunnu snilld auk þess sem þeir verða túlkaðir á táknaáli.

Nemendur úr Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts leika jólalög á undan tónleikunum.





Fim. 7. jan. » 19:30  
Fös. 8. jan. » 19:30  
Lau. 9. jan. » 16:00 » 19:30

**Óperettúónlist og valsar eftir Johann Strauss, Franz Lehár og Franz von Suppé, m.a. úr Leðurblökunni og Kátu ekkjuni.**

**Ola Rudner** hljómsveitarstjóri  
**Guðrún Ingimarsdóttir** og  
**Elmar Gilbertsson** einsöngvarar

## Vínartónleikar



Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil verið allra vinsælustu og fjölsóttustu tónleikar hljómsveitarinnar.

Nokkur af dýrustu djásnum valsakónsins Johanns Strauss prýða efnisskrá fyrstu tónleika ársins sem hefjast á forleiknum að *Leðurblökunni* og lýkur á *Dónárvalsinum*. Inn á milli heyrast fleiri fagrir valsar, marsar og polkar að ógleymdum Vínarljóðum, aríum og dúettum sem allir þekkja.

Guðrún Ingimarsdóttir sópransöngkona hefur undanfarin ár búið í Þýskalandi og sungið í óperuhúsum og tónleikahúsum víða um heim. Flutningur óperettutónlistar hefur verið fyrirferðarmikill þáttur í starfi Guðrúnar og hefur hún meðal annars sungið á rösklega 100 óperettutónleikum víða um Þýskaland,

Austurríki og Sviss og farið í tónleikaferðir með afkomendum Strauss-fjölskyldunnar. Elmar Gilbertsson tenórsöngvari kom, sá og sigraði í hlutverki Daða Halldórssonar í óperunni *Ragnheiði* eftir Gunnar Þórðarson en fyrir frammistöðu sína uppskar hann Grímuverðlaunin í flokknum söngvari ársins og Íslensku tónlistarverðlaunin 2014.

Sænski hljómsveitarstjórinn Ola Rudner hóf feril sinn sem fiðluleikari. Hann starfaði um árabil sem konsertmeistari Vínarsinfóníunnar og fleiri hljómsveita áður en hann tók að einbeita sér að hljómsveitarstjórn. Árið 2005 fór Rudner í mikla frægðarför með Johann Strauss-hljómsveitinni til Moskvu og hefur síðan þá oft fetað í fótspor valsakónsins og stýrt Vínartónleikum með fiðlu í hönd.



Fim. 14. jan. » 19:30

## Ungir einleikarar



### Efnisskrá kynnt síðar

**Daniel Raiskin** hljómsveitarstjóri  
**Sigurveggarar úr einleikarakeppni Sinfóníuhljóm-  
sveitar Íslands og Listaháskóla Íslands**

Á hverju ári fer fram keppni ungra einleikara sem Sinfóníuhljómsveit Íslands stendur fyrir í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Keppnin er opin nemendum á háskólastigi, óháð því hvaða skóla þeir sækja, og fá þeir hlutskörpustu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu. Stjórnandi tónleikanna er rússneski hljómsveitarstjórinn Daniel Raiskin, aðalhljómsveitarstjóri Rínarfílharmóníusveitarinnar í Koblenz og

Fílharmóníusveitar Arturs Rubinstein í Lódz í Póllandi.

Sinfóníuhljómsveitin og Listaháskóli Íslands leiða saman hesta sína og styðja við okkar efnilegasta tónlistarfólk á leið þess inn í heim atvinnumennskunnar. Einleikarakeppni SÍ og LHÍ fer fram á haustmánuðum 2015 og í kjölfarið verða nöfn vinningshafa birt á vef Sinfóníuhljómsveitarinnar.



Fim. 21. jan. » 19:30

## Osmo og Mahler



**Jón Leifs Þrjú óhlutræn málverk**  
**Jean Sibelius** Fiðlukonsert  
**Gustav Mahler** Sinfónía nr. 1

**Osmo Vänskä** hljómsveitarstjóri  
**Esther Yoo** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

Bandaríski fiðluleikarinn Esther Yoo vakti athygli tónlistarheimsins árið 2010 þegar hún varð yngst til þess að hreppa verðlaun í Sibelíusar-fiðlukeppninni, aðeins 16 ára gömul. Í kjölfarið tók Vladimir Ashkenazy hana undir verndarvæng sinn, hefur haldið með henni tónleika og gefið út geisladisk.

Sjaldan hefur ungt símfóníuskáld átt jafn eftirminnilega frumraun og þegar Gustav Mahler sendi frá sér fyrstu símfóníu sína árið 1889.

Þó hlaut hún misjafnar viðtökur eins og mörg önnur verk hans, og það var ekki fyrr en eftir miðja 20. öld að Mahler naut sannmælis sem einn mesti símfóníuhöfundur sögunnar. Osmo Vänskä hefur fyrir löngu sannað afburðatök sín á tónlist Mahlers og túlkun hans á fyrstu símfóníunni er mikið tilhlökkunarefni. Þá hljóma á tónleikum þrjár stuttar tónamyndir Jóns Leifs frá árinu 1955, en hljóðritun SÍ á þeim undir stjórn Osmos hlaut m.a. Midem-verðlaunin í Cannes árið 1998.



Fim. 28. jan. » 19:30

## Melkorka og Víkingur



**Áskell Músson** *Gullský*  
**Haukur Tómasson** *Strati*  
**Rolf Wallin** *Act*  
**Þórður Magnússon** *Píanókoncert*

**Daníel Bjarnason** *hljómshjónstjóri*  
**Melkorka Ólafsdóttir** og  
**Víkingur Heiðar Ólafsson** *einleikarar*

MYRKIR  
MÚSÍKDAGAR

Þrír af glæsilegustu tónlistarmönnum landsins eru í forgrunni á tónleikum Sinfóníuhljómshjónstjóra Íslands á Myrkum músíkdögum.

Melkorka Ólafsdóttir frumflytur nýjan koncert Áskels Mússonar, *Gullský* fyrir flautu, hörpu, slagverk og strengi. Víkingur tekst á við splunkunýjan píanókoncert Þórðar Magnússonar sem vefur persónulegt tónmál sitt inn í hefðbundið form klassísku koncertanna.

Haukur Tómasson fékk Tónskáldaverðlaun Ríkisútvarpsins fyrir hljómshjónstjóra-verkið *Strati* árið 1994. *Act* er spennuþrungin og áleitin verk helsta nútímatónskálds Norðmanna. Sinfóníuhljómshjónstjóri Íslands flutti verkið fyrir réttum tíu árum og þá hlaut það frábærar viðtökur. Gagnrýnendur sögðu það „kynngimagnað“ og nú hljómar það aftur undir styrki stjórn Daníels Bjarnasonar.



Lau. 6. feb. » 14:00

## Vísindatónleikar Ævars



### LITLI TÓNSPROTINN

**John Williams** *Úr Júrargarðinum*  
**R. & R. Sherman** *Chitty Chitty Bang Bang*  
**Heitor Villa-Lobos** *Litla sveitalestin*  
**Leroy Anderson** *Ritvélín*  
**Koji Kondo** *Úr Super Mario Bros.*  
**John Williams** *Úr Stjörnustríði*  
**Jóhann Jóhannsson** *Úr The Theory of Everything*  
**Alan Silvestri** *Aftur til framtíðar*

**Bernharður Wilkinson** *hljómshjónstjóri*  
**Ævar Þór Benediktsson** *kynnir*

Ævar vísindamaður hefur um árabíl kynnt töfra tækni og vísinda fyrir ungmennum á öllum aldri og nú kemur hann fram ásamt Sinfóníuhljómshjónstjóra Íslands í sannkölluðum sinfónískum vísindatrylli. Á tónleikunum kynnir Ævar til leiks ýmsar af merkari uppgötvunum mannsandans í samhljómi við Sinfóníuhljómshjónstjóra og Sprengju-Kötu sem verður sérstakur gestur á tónleikunum. Glæsileg tónlist og myndbrot spanna tækniframfarir allt frá upphafi til framtíðar

í spennandi ferðalagi undir leiðsögn Ævars vísindamanns.

Hér hljómar tónlist eftir verðlaunátónskáld og stjarnfræðilega vinsæl tónskáld, Íslandsvini og kvikmyndajöfra. Meðal annars má heyrast tóna úr himingeimnum, tölvuleikjum, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Ævintýraþrá mannsins er í forgrunni og spennandi kraftar koma við sögu.





Fim. 11. feb. » 19:30

**Pjotr Tsjajkovskij** *Píanókonsert nr. 1*  
(upprunaleg gerð)

**Dmítrij Shostakovítsj** *Sinfónía nr. 7,*  
*Leningrad-sinfónían*

**James Gaffigan** hljómsveitarstjóri  
**Kirill Gerstein** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

## Leníngrad-sinfónían



Píanókonsert Tsjajkovskíjs er eitt vinsælasta tónverk allra tíma og í því gefst einleikaranum færi á að sýna allar sínar bestu hliðar, jafnt í tjáningu sem tæknilegri færni. Fáir vita þó að Tsjajkovskíj endurskoðaði verkið eftir frumflutninginn og breytti ýmsu. Fyrir skömmu kom í leitirnar handritið að upprunalegu gerðinni frá 1875 og nú hljómar þessi útgáfa verksins í fyrsta sinn á Íslandi. Kirill Gerstein er einn áhugaverðasti píanisti sinnar kynslóðar. Hann hlaut hin virtu Gilmore-píanóverðlaun árið 2010 og *New York Times* valdi nýjasta geisladisk hans einn þeirra bestu sem gefnir voru út á síðasta ári.

Leníngrad-sinfónía Shostakovítsj er sérlega áhrifamikil tónsmíð. Hún var samin undir nærri ólýsanlegum kringumstæðum og lýsir innrás Þjóðverja í Sovétríkin í júní 1941. Umsátur þeirra um Leníngrad varði í

nú hundruð daga og talið er að um milljón manns – þriðjungur borgarbúa – hafi látið lífið í sprengjuárásum eða úr kulda, smitsjúkdómum og hungri. Sinfónían er magnþrunginn minnisvarði um reisin mannsandans og mátt listarinnar jafnvel þegar öll sund virðast lokuð.

Bandaríski stjórnandinn James Gaffigan, sem nú er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Luzern, er íslenskum áheyrendum að góðu kunnur og víst er að kraftur hans og inn-sæi hentar vel þessari spennandi efnisskrá.





Fim. 18. feb. » 19:30

## Barton syngur Brahms

(B)

**Franz Schubert** *Rósamunda, forleikur*  
**Johannes Brahms** *Alt-rapsódía*  
**Anton Bruckner** *Sinfónía nr. 5*

**Hannu Lintu** *hljómshjálmsveitarstjóri*  
**Jamie Barton** *einsöngvari*  
**Karlagórinn Fóstbræður**  
**Árni Harðarson** *kórstjóri*

**Tónleikakynning** » 18:00

Bandaríska mezzósópransöngkonan Jamie Barton vakti athygli söngunnenda um heim allan þegar hún hlaut fyrstu verðlaun í Cardiff Singer of the World-keppninni í júní 2013. Hún söng með sinni flauelsmjúku rödd í þriðju sínfóníu Mahlers á Listahátíð í Reykjavík 2014 og vann þar hug og hjórtu tónleikagesta. Nú kemur hún aftur til Íslands og syngur hina undurföggu og tjáningarríku *Alt-rapsódíu* eftir Brahms, sem Sinfóníuhljómshjálmsveit Íslands flytur í fyrsta sinn.

Vínartónskáld 19. aldar deila með sér þessari efnisskrá, því að auk *Alt-rapsódíunnar* hljómar æskufagur forleikur Schuberts að leikritinu *Rósamundu*, sem og hin stórbrotna fimmta sínfónía Bruckners.

Hannu Lintu er aðalstjórnandi Finnsku útvarpshljómshjálmsveitarinnar og er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur enda stjórn- aði hann öllum sínfóníum Beethovens í Hörpu á árunum 2011–2012.



Lau. 20. feb. » 11:30

## Barnastund Sinfóníunnar

Í þessari Barnastund flytja hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómshjálmsveitinni *Vorið* eftir Vivaldi ásamt úrvali dans- og göngulaga sem koma hreyfingu á mannskapinn.

Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Kynnir í Barnastundinni er Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri Sinfóníunnar, en Nicola

Lolli konsertmeistari leiðir Hljómshjálmsveitina af sinni alkunnu snilld. Sérstakur gestur er Maxímús Músíkús.

Barnastundin er hálf tíma löng og fer fram í Hörpuhorni á 2. hæð, framan við Eldborg. Gott er að taka með sér púða til að sitja á.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



Fim. 3. mars » 19:30

## Arvo Pärt og Hamrahlíðarkórarnir



**Arvo Pärt** *Cantus in memoriam Benjamin Britten*

**Arvo Pärt** *Te Deum*

**Henryk Mikołaj Górecki** *Sinfónía nr. 3*

**Tönu Kaljuste** hljómsveitarstjóri  
**Hallveig Rúnarsdóttir** einsöngvari  
**Hamrahlíðarkórarnir**  
**Þorgerður Ingólfsdóttir** kórstjóri

**Tónleikakynning** » 18:00

Eistneska tónskáldið Arvo Pärt hefur heillað heimsbyggðina með einstökum og undurfögum tónsmíðum. Á tónleikunum heyrast tvö verka hans, *Cantus in memoriam Benjamin Britten* og *Te Deum* sem tónskáldið segist hafa á varfærnislegan hátt dregið út úr þögninni og tóminu.

Í sinfóníu nr. 3 eftir Górecki sem nefnd hefur verið *Sinfónía tregafullra söngva* flytur Hallveig Rúnarsdóttir dramatískan texta þar sem

missir og viðskilnaður eru meginviðfangsefnið. Stjórnandi tónleikanna, Tönu Kaljuste, hefur starfað sem kór- og hljómsveitarstjóri með afburða árangri, ekki síst með Eistneska Fílharmóníukórnum sem hefur túlkað tónlist Pärts á metsöludiskum og tónleikum víða um heim.

Þorgerður Ingólfsdóttir og Hamrahlíðarkórarnir hafa átt afar farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveitina um langt árabíl og komið fram á fjölmörgum tónleikum sveitarinnar.



Fös. 4. mars » 18:00

## Föstudagsröðin – meistarar laglínunnar



**Arvo Pärt** *Spiegel im Spiegel*  
**Pjotr Tsjajkovskij** *Sinfónía nr. 4*

**Daniel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Nicola Lolli** fiðla  
**Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanó

Á tónleikum í nýrri Föstudagsröð SÍ hljóma tvær tónsmíðar eftir austur-evrópsk tónskáld þar sem laglínur eru í forgrunni fremur en úrvinnsla stefja að þýskum sið.

Tsjajkovskij var sannkallaður meistari laglínunnar, átti það sameiginlegt með Chopin að geta spunnið flæðandi hendingar sem eru hlaðnar tjáningu. Fjórða sinfónía Tsjajkovskíjs er einmitt bæði lagræn og tilfinningaþrungin. Hún var samin á erfiðu skeiði í lífi hans og

sjálfur sagði hann að í tónlistinni ættust við tvö öfl: maðurinn og örlög hans – „þetta óstöðvandi afl sem hindrar hamingju okkar.“

Tónskáld úr okkar samtíma sem einnig hefur sett laglínuna í öndvegi er hinn eistneski Arvo Pärt. Hann samdi *Spiegel im Spiegel* árið 1978 og efniviðurinn gæti ekki verið einfaldari. Úr smáum skrefum fiðlunnar verður til laglína sem kallast á við brotna hljóma píanósins með einstökum og hrifandi hætti.





Fim. 10. mars » 19:30

**Jean Sibelius** *Ofviðrið, svíta nr. 2*  
**Sergej Rakhmanínov** *Píanókonsert nr. 1*  
**Ludwig van Beethoven** *Sinfónía nr. 1*

**Dima Slobodeniouk** hljómsveitarstjóri  
**Alexander Romanovsky** einleikari

## Rakhmanínov og Beethoven



Píanókonsertar Rakhmanínovs njóta fádæma hylli um allan heim. Sá fyrsti hefur ekki hljómað á Íslandi um langt árabíl en verkið samdi hann aðeins átján ára gamall. Einleikari er hinn úkraínski Alexander Romanovsky sem vann til fyrstu verðlauna í Busoni-píanókeppninni á Ítalíu sautján ára og er framúrskarandi píanisti af „rússneska skólanum“ svokallaða.

Á tónleikunum hljómar einnig tónlist Sibeliusar við leikrit Shakespeares, *Ofviðrið*, sem sýnir gjörla snilli hans í að draga upp litríkar myndir í tónum. Glæðvæð fyrsta sinfónía Beethovens hefur kætt áheyrendur um víða veröld allt frá því að hann stýrði frumflutningi hennar í Vínarborg aldamótaárið 1800.

Rússneski hljómsveitarstjórinn Dima Slobodeniouk hefur vakið mikla eftirtekt fyrir líflega og kraftmikla túlkun sína.



Fim. 17. mars » 20:00

**Jóhann Jóhannsson:** Tónlist úr *The Theory of Everything* og *Prisoners*  
**Jonny Greenwood:** Tónlist úr *There Will Be Blood*  
**Mica Levi:** Tónlist úr *Under the Skin* auk kvikmyndatónlistar eftir John Williams

**Adrian Prabava** hljómsveitarstjóri

## Kvikmyndatónleikar - Jóhann Jóhannsson

Jóhann Jóhannsson, sem fyrr á árinu hlaut Golden Globe-verðlaunin og var tilnefndur til Óskarsverðlauna, telst nú til helstu kvikmyndatónskálda samtímans. Á þessum tónleikum verða frumfluttar nýjar hljómsveitararsvitur með tónlist hans úr *The Theory of Everything*, sögunni um líf Stephens Hawking, og *Prisoners*, spennumyndinni með Hugh Jackman og Jake Gyllenhaal í aðalhlutverkum.

Auk þess hefur Jóhann sjálfur valið efnisskrá með eftirlætisverkum sínum, bæði vel og minna þekktum gullmolum kvikmyndanna.

Adrian Prabava hóf feril sinn sem aðstoðarstjórnandi Bernards Haitink við Concertgebouw-hljómsveitina og hefur vakið mikla athygli á síðustu árum fyrir líflega túlkun sína.





Fös. 1. apríl » 18:00

**Maurice Ravel** *Jeux d'eau*  
**Töru Takemitsu** *Toward the Sea*  
**Claude Debussy** *La mer*

**Daniel Bjarnason** hljómstjóri  
**Birna Hallgrímsdóttir** píanó  
**Melkorka Ólafsdóttir** altflauta  
**Katie Buckley** harpa

## Föstudagsröðin – Hafið, hafið...



Það var sérstakt áhugamál impressjónista meðal tónskálda að lýsa vatni í tónum eins og sést vel á þessari efnisskrá þar sem vatnið flæðir í ólíkum myndum.

Píanóverk Ravels, *Jeux d'eau*, var fyrsta tónsmíð hans til að vekja verulega athygli. Verkið lýsir gosbrunni og er undir sterkum áhrifum frá tónsmíð eftir Franz Liszt af svip- uðum toga þótt litbrigði hljómma séu í anda

impressjónismans. Í öndvegisverkinu *La mer* staðsetur Debussy sig á hafi úti, skoð- ar ölduganginn og samtál vinds og vatns.

Töru Takemitsu var eitt mesta tónskáld Japana á 20. öld og var undir sterkum áhrif- um frá Debussy. *Beyond the Sea* er hrifandi verk frá árinu 1981, samið undir áhrifum frá skáldsögu Hermans Melville um hvalinn Moby Dick.



Fim. 7. apr. » 19:30

**Maurice Ravel** *Rhapsodie espagnole*  
**Jacques Ibert** *Flautukonsert*  
**Antonín Dvořák** *Sinfónía nr. 8*

**Antonio Méndez** hljómstjóri  
**Emilía Rós Sigfúsdóttir** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

## Ravel og Dvořák



Emilía Rós Sigfúsdóttir flautuleikari leikur glaðværan og glæsilegan konsert franska tónskáldsins Jacques Ibert, en Emilía hlaut frábæra dóma í hinu virta tónlistartímariti *Gramophone* fyrir geisladisk sinn *Portrait* sem kom út á liðnu ári. Annað franskt verk með spænsku ívafi er *Rhapsodie espagnole*, eitt af fyrstu glæsiverkum Ravels fyrir stóra hljómsveit.

Á efnisskránni er einnig hin ljóðræna 8. sinfónía Dvořáks, en tónskáldið sækir drjúgan hluta efniviðarins í þjóðlagaarf Bæheims.

Hljómstjóriinn Antonio Méndez vakti nýlega alþjóðaathygli þegar hann vann 2. verðlaun í hinu virtu Nikolai Malko-keppni ungra stjórnenda í Kaupmannahöfn þar sem Lorin Maazel var formaður dómnefndar.



Mið. 13. apríl » 18:00

**Verk eftir Gunnar Karel Músson,  
Halldór Smáráson, Þórunni Grétu  
Sigurðardóttur.**

**Daníel Bjarnason** hljómveitarstjóri

## Yrkja – uppskerutónleikar



Yrkja er nýtt samstarfsverkefni Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og ýmissa tónlistarstofnana og tónlistarhópa, sem miðar að því að búa tónskáld undir starf í faglegu umhverfi hjá hljómveitum, hátíðum og öðrum listastofnunum.

Premur tónskáldum var boðið að taka þátt í verkefninu með Sinfóníuhljómveit Íslands starfsárið 2015–2016. Þau munu starfa með

hljómveitinni í níu mánuði og fá þannig tækifæri til að þróa færni sína í að skrifa fyrir hljómveit, öðlast innsýn inn í innra starf sveitarinnar og vinna náið með hljóðfærалеikurunum. Daníel Bjarnason staðarlistamaður hefur veg og vanda af verkefninu. Það felur m.a. í sér tvær tónskáldastofur þar sem verk tónskáldanna eru æfð og þeim gefnar ábendingar, en einnig þessa tónleika þar sem verkin hljóma í fullgerðri mynd.



Fim. 28. apr. » 19:30

**Jón Nordal** *Choralis*  
**Dmitrij Shostakovitsj** *Píanókonsert nr. 2*  
**Béla Bartók** *Rúmenskir þjóddansar*  
**Witold Lutosławski** *Konsert fyrir hljómveit*

**Daníel Bjarnason** hljómveitarstjóri  
**Steven Osborne** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

## Osborne leikur Shostakovitsj




Dmitrij Shostakovitsj er kunnastur fyrir dökk og tjáningarrík tónverk en hann kunnir líka að slá á léttari strengi. Píanókonsertinn nr. 2 er ein hans glaðværasta tónsmíð, samin fyrir ungan son hans. Konsertinn hljómar hér fluttur af Steven Osborne sem á marga aðdáendur á Íslandi enda hefur hann tvívegis leikið með Sinfóníuhljómveit Íslands.

Í mars 2016 fagnar Jón Nordal níuæðisafmæli sínu. Í tilefni afmælisins flytur Sinfóníuhljóm-

sveitin *Choralis*, verk sem Jón samdi árið 1982 fyrir Þjóðarsinfóníuhljómveit Bandaríkjanna í Washington D.C., þar sem það var frumflutt undir stjórn hins heimskunna Mstislavs Rostropovitsj.

Witold Lutosławski var eitt helsta tónskáld Póllands á 20. öld. Konsert fyrir hljómveit er meðal hans glæsilegustu verka þar sem hver deild sveitarinnar fær að láta ljós sitt skína.



Fös. 6. maí » 18:00

## Föstudagsröðin – tímamótaárið 1910



**Claude Debussy** *Prelúdíur fyrir píanó*  
**Anton Webern** *Fjórir þættir fyrir fiðlu og píanó*  
**Igor Stravinskij** *Eldfuglinn*

**Daníel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Sif Tulinius** fiðla  
**Anna Guðný Guðmundsdóttir** píanó

Árin um 1910 mörkuðu tímamót í tónlistar-sögunni og tónskáld reyndu ótal nýjar leiðir til að nálgast listina. Á þessum föstudags-tónleikum er í forgrunni hinn litríki og magnaði ballett Stravinskíjs, *Eldfuglinn*. Þetta verk, sem einmitt var samið 1910, markaði upphafið á glæstum ferli Stravinskíjs sem ballettónskálds. Sama ár samdi Anton Webern allt annars konar verk þar sem gælt er við þögnina, fjóra stutta kafla fyrir fiðlu og

píanó. Á meðan sat Debussy í París og samdi prelúdíur fyrir píanó, hrífandi tónlist þar sem gælt er við ótal litbrigði flygilsins.

Sif Tulinius og Anna Guðný Guðmundsdóttir flytja verk Weberns og Debussys en hljómsveitin öll flytur ballettónlist Stravinskíjs undir stjórn Daníels Bjarnasonar, staðarlistamanns Sinfóníuhljómsveitarinnar.



Lau. 7. maí » 14:00

## Ævintýrið um Eldfuglinn



**LITLI TÓNSPROTINN**  
**Igor Stravinskij** *Eldfuglinn*

**Daníel Bjarnason** hljómsveitarstjóri  
**Trúðurinn Barbara** sögumaður

Í heillandi ævintýrinu um Eldfuglinn segir frá Ívani prins sem er hugrakkur með eindæmum og risastórum fugli sem logar í alls konar rauðum og gulum litum rétt eins og sólin sjálf hafi tekið sér bólfestu í fjöðrum hans. Þetta er Eldfuglinn, eitt litríkasta hljómsveitarævintýri sem sögur fara af.

birtist í öllu sínu veldi, leyndarmálum skógarins, fjöregginu og gulleplunum. Myndum sem sýna Eldfuglinn dansa og svífa á milli greina töfratrjáanna verður varpað upp meðan á flutningi stendur. Skapandi grímugerð stendur fuglavinum á öllum aldri til boða fyrir tónleikana.

Á þessum kraftmiklu tónleikum segir Barbara trúður tónleikagestum frá Eldfuglinum sem





Fim. 12. maí » 19:30

**Leonard Bernstein** *Candide*, forleikur  
**Leonard Bernstein** *Þrír dansþættir úr  
On the Town*  
**George Gershwin** *Rhapsody in Blue*  
**Samuel Barber** *Adagio fyrir strengi*  
**Aaron Copland** *Appalachian Spring*, svíta

**JoAnn Falletta** hljómveitarstjóri  
**Orion Weiss** einleikari

**Tónleikakynning** » 18:00

## Rhapsody in Blue



Þessi efnisskrá skartar sannkölluðum eftirlætisverkum eftir dáðustu tónjöfra Bandaríkjanna. Forleikurinn að óperettunni *Candide* eftir Bernstein hlaut afbragðs viðtökur strax við frumflutning 1956 og hefur verið vinsælt glæsistykki allar götur síðan. *Rhapsody in Blue* eftir Gershwin og *Appalachian Spring* eftir Copland teljast til merkustu bandarísku tónverka 20. aldar og *Adagio fyrir strengi* eftir Barber til þeirra allra fegurstu.

JoAnn Falletta og Orion Weiss eru sérfræðingar í bandarískri tónlist og hafa hlotið mikið lof fyrir samstarf sitt, en þau hafa hljóðritað hljómveitarverk Gershwins fyrir Naxos-útgáfuna. Falletta er aðalstjórnandi Fílharmóníuhljómveitarinnar í Buffalo og Sinfóníuhljómveitar Virginíu, en Orion Weiss hefur komið fram með mörgum helstu hljómveitum Bandaríkjanna.



Fim. 19. maí » 20:00

**Emiliana Torrini**  
**Hugh Brant** hljómveitarstjóri

## Emiliana Torrini og Sinfó



Óþarft er að kynna Emilíönu Torrini fyrir íslenskum tónlistarunnendum. Hún hefur fyrir löngu vakið athygli heimsins fyrir söng sinn og lagsmíðar og m.a. verið tilnefnd til Grammy-verðlaunanna. Emiliana hefur hlotið ótal verðlaun og starfað með heimsþekktum tónlistarmönnum á borð við Kylie Minogue, Moby og Sting.

Á tónleikunum hljómar úrval hennar bestu laga af vinsælum diskum hennar auk þess sem hún syngur *Gollum's Song* úr kvikmyndinni *Hringadróttins sögu*.



Mið. 25. maí » 19:30

**Pjotr Tsjajkovskij** *Rómeó og Júlía*  
**Rögnvaldur Sigurjónsson** *Píanókoncert*  
**Ludwig van Beethoven** *Sinfónía nr. 6,*  
*Sveitasinfónían*

**Vladimir Ashkenazy** *hljómveitarstjóri*  
**Vovka Ashkenazy** *einleikari*

## Ashkenazy-feðgar á Listahátíð



Vladimir Ashkenazy var aðalhvatamaður að stofnun Listahátíðar í Reykjavík árið 1970 og stjórnar nú tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á hátíðinni eftir 37 ára hlé. Í millitíðinni hefur hann stjórnað öllum helstu hljóm-sveitum heimsbyggðarinnar og skráð nafn sitt í tónlistarsöguna sem hljómveitarstjóri og píanóvirtúós.

Sonur hans, Vovka Ashkenazy fetaði í fótspor föður síns og hóf sex ára gamall píanónám hjá Rögnvaldi Sigurjónssyni en stundaði síðar framhaldsnám á Englandi. Hann hefur síðan átt farsælan feril sem einleikari, kammermúsikant og kennari.

Rögnvaldur Sigurjónsson var fyrsti íslenski stórpíanistinn. Hann nam píanóleik við Juilliard-tónlistarskólann í New York og setti síðar mark sitt á íslenskt tónlistarlíf sem einleikari og eftirminnilegur persónuleiki. Eftir lát hans fannst nótnabunki á píanóinu sem reyndist vera ófullgerður píanókoncert og rifjaðist

þá upp að Rögnvaldur hafði einnig stundað tónsmíðanám við Juilliard.

Nú hefur konsertinn verið fullgerður af Þórði Magnússyni tónskáldi. Vovka Ashkenazy heiðrar nafn fyrsta kennara síns með flutningi á glæsilegri píanósmíð sem fallið hafði í gleymsku um áratugaskeið.

Túlkun Vladimirs Ashkenazy á 9. sífóníu Beethovens á opnunartónleikum Hörpu vorið 2011 er öllum sem á hlýddu ógleymanleg. Á þessum tónleikum stjórnar hann myndrænustu sífóníu meistarans, *Sveitasinfóníunni*, sem er full af saklausri glaðværð, náttúruhljóðum, lækjarnið og fuglasöng, en einnig stormviðri sem þó styttrir upp um síðir.

Sagan um Rómeó og Júlíu, frægasta ástarsaga allra tíma, varð hinum unga Tsjajkovskíj að yrkisefni í fantasíuforleiknum þar sem tilfinningaskalinn er þaninn til hins ítrasta.



Fim. 2. jún. » 19:30

## Rússnesk veisla



**Sergej Prokofjev** *Sinfónía nr. 1,*  
*„Klassíska símfónían“*  
**Aleksandr Glazúnov** *Fíðlukonsert*  
**Dmitrij Shostakovitsj** *Sinfónía nr. 1*

**Gennadj Rozhdestvenskij** *hljómsveitarstjóri*  
**Sasha Rozhdestvenskij** *einleikari*

**Tónleikakynning** » 18:00

Rozhdestvenskij-fjölskyldan hefur fyrir löngu spilað sig inn í hjörtu tónelskra Íslendinga. Nú stígur Gennadj á svið ásamt Sasha syni sínum, sem lék fíðlukonsert Schnittkes á tónleikum í Háskólabíói fyrir fáeinum árum við frábærar undirtektir.

Á efnisskránni eru þrjú verk tónskálda frá Sankti Pétursborg, öll samin á fyrsta fjórðungi 20. aldar. Aleksandr Glazúnov var kennari

Prokofjevs og Shostakovitsj og glæsilegur fíðlukonsertinn er hans kunnasta verk. Einnig hljóma hér frumraunir nemenda hans í hinu símfóníska formi. Fyrsta símfónía Prokofjevs var tímamótaverk í nýjum stíl „nýklassískur“ og Shostakovitsj öðlaðist heimsfrægð fyrir símfóníu sína sem er einstaklega fjörug og áhugaverð. Hér gefst því ánægjulegt tækifæri til að bera saman tvo meistara 20. aldar taka sín fyrstu skref í greininni.



Fim. 9. jún. » 19:30

## Himnasælusinfónían



**Rolf Martinsson** *Ich denke dein...*  
**Gustav Mahler** *Sinfónía nr. 4*

**Antonello Manacorda** *hljómsveitarstjóri*  
**Lisa Larsson** *einsöngvari*

**Tónleikakynning** » 18:00

Söngvaflokkurinn *Ich denke dein...* eftir sænska tónskáldið Rolf Martinsson er áhrifamikil tónsetning á kvæðum eftir skáldjöfrana Goethe, Rilke og Eichendorff. Verkið var frumflutt í Zürich í ársbyrjun 2015 og hefur síðan hvarvetna vakið mikla hrifningu.

Sænska sópransöngkonan Lisa Larsson hefur á glæstum ferli sungið í helstu óperu- og tónleikahúsum heimsbyggðarinnar.

Á þessum tónleikum syngur hún ljóðin fimm í verki Martinssons og himnasæluljóðið í ægífarurri fjórðu símfóníu Mahlers.

Antonello Manacorda er aðalstjórnandi Kammerakademie Potsdam og Het Gelders Orkest í Hollandi og hefur sem gestur stjórnað mörgum þekktum hljómsveitum, m.a. BBC Philharmonic og Staatskapelle Weimar.





## Öflugt fræðslustarf

Öflugt og fjölþætt fræðslustarf er mikilvægur þáttur í starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar og hefur verið allt frá stofnun hennar. Fræðslustarfið er í stöðugri framþróun þar sem áhersla er lögð á gæði, fjölbreytileika og samstarf. Skólatónleikar, skólaheimsóknir og leiðsögn nemendahópa er fastur liður í starfsemi Hljómsveitarinnar sem einnig starfar að langtíma verkefnum með ungu fólki, bæði einleikurum og hljóðfærahópum. Hljómsveitin leggur ríka áherslu á að vera í góðum tengslum við samfélagið og heimsækir bæði stofnanir og vinnustaði og hefur átt farsælt samstarf við eldri borgara um langt skeið.

Í vetur verður boðið upp á fjölskyldutónleika Litla tónsprotans með fjórum ólíkum efnisskrám og hinar vinsælu Barnastundir sem ætlaðar eru yngstu hlustendum.

### Skólatónleikar

Á hverju starfsári heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands fjölmarga skólatónleika þar sem nemendum, allt frá leikskólaaldri til framhaldsskólanema, er boðið að hlusta á vandaða dagskrá í tali og tónum. Skólatónleikar Hljómsveitarinnar hafa vakið verðskuldaða eftirtekt þar sem tónverk hverra tónleika eru sniðin að ákveðnum aldurshópi.

### Bókanir á fræðsluviðburði

Skólar geta bókað fyrir nemendur sína á fræðsluviðburði vetrarins frá lokum ágústmánaðar 2015. Nánari upplýsingar er að finna á [sinfonia.is/fraedslustarf](http://sinfonia.is/fraedslustarf).

### Skóla- og stofnanaheimsóknir

Sinfóníuhljómsveitin sækir grunnskóla, dvalarheimili og spítala heim u.þ.b. einu sinni á starfsári með fjölbreytta og áheyrrlega tónlist í farteskinu.

### Opnar æfingar

Á opnum æfingum er framhaldsskóla- og tónlistarnemum ásamt eldri borgurum boðið að hlýða á valin verk sem oft eru kynnt af Hljómsveitarstjóra eða einleikara. Nærvera við Hljómsveitina og Hljómsveitarstjórn er meiri – öðruvísi upplifun í miðri Hljómkviðunni.

### Áheyrnarprufur og keppni

Árlega eru haldnar áheyrnarprufur og keppni fyrir unga efnilega tónlistarnema þar sem sigurvegarar fá í framhaldinu að leika einleik með Sinfóníuhljómsveitinni. Nánari upplýsingar er að finna á vef Hljómsveitarinnar. Í ár er leitað eftir tveimur ungum hljóðfæraleikurum, klarínetteikara og sellóleikara til að leika lagið *Hin fyrstu jól* eftir Ingibjörgu Þorbergs á jólatónleikum Hljómsveitarinnar. Einleikarakeppni fyrir tónlistarnemendur á háskólastigi, sem haldin er í samvinnu við LHÍ, fer fram á haustdögum en sigurvegarar þeirrar keppni leika á tónleikum Ungum einleikurum í janúar 2016 með Sinfóníuhljómsveitinni.

### Ungsveit SÍ 2015

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur sína sjöundu tónleika nú í byrjun október.

Ungsveitin flytur 10. sinfóníu Shostakovitsj undir stjórn Eivinds Aadlands sem stjórnar Ungsveitinni í fyrsta sinn, en hann hefur fyrir löngu skapað sér nafn hér á landi með störfum sínum með SÍ. Hljóðfæraleikarar Sinfóníunnar eru virkir í starfsemi Ungsveitarinnar og miðla af reynslu sinni og þekkingu. Ungsveitin hefur tekið þátt í Tectonics-tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitarinnar og kynnst þannig ólíkum birtingarmyndum ýmissa tónverka og samtali þeirra og áhrifum á samfélagið.

### Litli tónsprotinn

Litli tónsprotinn er röð vandaðra og glæsilegra fjölskyldutónleika. Verkefnaval tónleikanna miðast við tónleikagesti frá fimm ára aldri. Á Litla tónsprotanum kynnast börn töfraheimi tónlistarinnar á lifandi og skemmtilegan hátt.


### Fyrir þau allra yngstu í Hörpuhorni

Barnastund Sinfóníuhljómsveitarinnar er ætluð yngstu hlustendum. Í Barnastundinni er flutt tónlist í um það bil 30 mínútur. Tónlistin og lengd Barnastundarinnar er sérstaklega sniðin að þeim hópi sem er of ungur til að sitja heila tónleika í Litla tónsprotanum. Tvær barnastundir verða á starfsárinu. Sérstakur gestur Barnastundarinnar er Maxímús Músíkús. Aðgangur ókeypis.

Hægt er að nálgast allar upplýsingar um fræðslustarf frá lokum ágústmánaðar á vef Hljómsveitarinnar.

# Eldborg





Sætaskipan



# Miðasala

www.sinfonia.is / 528 5050

## Áskriftarkort

Svæði	Rauð	Gul	Græn	Tónsprotinn
 1	31.920 kr.	31.920 kr.	22.800 kr.	8.320 kr.
 1+	38.640 kr.	38.640 kr.	27.600 kr.	8.320 kr.
 2	27.440 kr.	27.440 kr.	19.600 kr.	7.040 kr.
 3	21.280 kr.	21.280 kr.	15.200 kr.	

Miðaverð á staka tónleika í hinni nýju **Föstudagsröð** er 2.700 kr. Einnig er hægt að kaupa miða sem gildir á alla röðina; 6.480 kr. Sjá nánar um **Föstudagsröðina** á bls. 11 og 12.

Hægt er að kaupa **Regnbogakort** með fernum tónleikum eða fleiri úr hvaða röð sem er eða utan raða. Regnbogakort veitir 20% afslátt.

**Afsláttur fyrir 25 ára og yngri** 50% afsláttur er af Regnbogakortum í verðsvæði 2 og 3 í Eldborg. Einnig býðst þessum aldurshópi tónleikamiðar samdægurs á 1.700 kr. gegn framvísun Skólakorts, sem má nálgast í miðasölu Hörpu.

**Miðasala** Miðasala í anddyri Hörpu er opin 9–18 virka daga og 10–18 um helgar og fram að upphafi tónleika. Miða má kaupa á Netinu á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is), [www.harpa.is](http://www.harpa.is), [tix.is](http://tix.is) og í síma 528 5050.

**Bílastæði** Í kjallara Hörpu eru gjaldskyld bílastæði. Athugið að bílarkjallaranum er lokað á miðnætti en er opnaður kl. 7 að morgni alla virka daga og kl. 10 um helgar. Hægt er að greiða bílastæði fyrir allt tónleikaárið fyrirfram á tónleikadaga að eigin vali.

**Aðgengi fatlaðra** Sérstök sæti fyrir hreyfihamlaða eru á aðalgólfi og í stúku á 1. svölum.

**Endurnýjun og sala nýrra áskriftar- og Regnbogakorta hefst 10. júní 2015.**  
**Almenn miðasala hefst 16. júní 2015.**

## Almennt miðaverð

Svæði	Almennt	Svæði	Tónsprotinn
 1	5.700 kr.	 1	2.600 kr.
 1+	6.900 kr.	 1+	2.600 kr.
 2	4.900 kr.	 2	2.200 kr.
 3	3.800 kr.	 3	2.200 kr.
 4	2.400 kr.	 4	2.000 kr.

**Athugið að almennt miðaverð gildir um flesta áskriftartónleika. Sí en miðaverð er þó mismundi eftir tónleikum og er að finna á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is).**

**Áskriftarkort** Áskrift veitir þér 20% afslátt af almennu miðaverði. Áskrifendur fá einnig 10% afslátt af viðbótarmiðum á alla tónleika. Ef keyptar eru tvær áskriftarraðir, t.d. Gul og Rauð, er veittur 25% afsláttur. Ef keyptar eru þrjár raðir, Gul, Rauð og Græn, er veittur 30% afsláttur.

**Hópafsláttur** Veittur er 10% afsláttur fyrir 25–50 miða en 15% fyrir hópa stærri en 50.

**Sinfónían á Netinu** Við hvetjum alla til að skrá sig á póstlistann á [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) og fá reglulega sendar fréttir af tónleikum og tilboðum. Einnig er hægt að gerast vinur Sinfóníunnar á Facebook, fylgja okkur á Twitter, Instagram og Spotify.

**Efnisskrár** tónleika eru birtar á vefnum daginn fyrir tónleika.

**Tónleikaupptökur** Hægt er að nálgast upptökur frá tónleikum á [ruv.is](http://ruv.is) í fjórar vikur frá tónleikadegi.

Athugið að miðaverð getur verið breytilegt á einstaka tónleika. Tilhögun tónleika, miðaverð og annað sem greint er frá í þessum bæklingi kann að breytast án fyrirvara.





LANDIC  
SYMPHONY  
ORCHESTRA  
R.007

# Hljóðfæraleikarar og starfsmenn

## 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Nicola Lolli  
Sif Tulinius  
Una Sveinbjarnardóttir  
Andrzej Kleina  
Ágústa María Jónsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Hlíf Sigurjónsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Laufey Sigurðardóttir  
Lin Wei  
Margrét Kristjánsdóttir  
Mark Reedman  
Martin Frewer  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Zbigniew Dubik

## 2. fiðla

Ari Þór Vilhjálmsson  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Roland Hartwell  
Christian Diethard  
Dóra Björgvinsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Gunnhildur Daðadóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Joanna Bauer, leyfi  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ólöf Þorvarðardóttir  
Pascal La Rosa  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Þórdís Stross

## Lágfiðla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfredsson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Kathryn Harrison  
Sarah Buckley  
Sesselja Halldórsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson

## Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir, leyfi  
Sigurgeir Agnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Júlía Mogensen  
Lovísa Fjeldsted  
Margrét Árnadóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson

## Bassar

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## Flauta

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## Óbó

Daði Kolbeinsson  
Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Rúnar Vilbergsson

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## Trompet

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúnur

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## Túba

Nimrod Ron

## Harpa

Katie Buckley

## Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## Pákur

Eggert Pálsson

## Slagverk

Steeff van Oosterhout  
Árni Áskelsson  
Frank Aarnink

## Starfsmenn

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri

Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og  
kynningarstjóri

Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Kristbjörg Clausen nótna- og skjalavörður  
Grímur Grímsson sviðsstjóri  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri





Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands



Hallfríður Ólafsdóttir og Þórarinn Már Baldursson hafa skapað víðförlustu mús Íslandssögunar.



**Hallfríður:** Það að kynna aðeins einfaldri tónlist er ekki ólíkt því að vera alinn upp **bara á pylsum.**

**Þórarinn:** Já, sem eru auðvitað ágætari í hófi en maður þarf annað með. **Hallfríður:** Börn eru með galopinn huga og fordómalaus en mörg þeirra fá sjaldan tækifæri til þess að heyra annað en létt lög.

Börn eru þakklátir og hrifnæmir áhorfendur enda má upplifa svo margt og læra um lífið og mannlegar tilfinningar með hjálp tónlistar. Ungu fólkið er ávallt aúfúsgestir hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Á undanförunum árum hefur hljómsveitinni borist öflugur lídsstyrkur í honum Maxímús Músíkús, tónlistarmús sem kynnir börnum á öllum aldri galdur tónlistarinnar. Þau Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari hafa skapað þessa skemmtilegu og forvitnu mús

sem er á góðri leið með að sigra heiminn því að sögunnar hans hafa verið þýddar á mörg tungumál og gefnar út ásamt geisladiskum. Maxímús hefur einnig heimsótt þó nokkrar sinfóníuhljómsveitir í öðrum löndum. Engin íslensk mús er því sigldari eða frægari, geri aðrar betur!

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**[www.gamma.is](http://www.gamma.is)



Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Miðasala í Hörpu » [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is) » [www.harpa.is](http://www.harpa.is) » 528 5050



@icelandsymphony #sinfó